

RAUÐI BORDINN

29. ÁRG., 40. TÖLUBLAÐ, 1. DESEMBER 2018



**HIV Ísland
30 ára**



ÍSLENSK
ERFÐAGREINING



Til hamingju með 30 ára afmælið

Í ár fagnar HIV-Ísland 30 ára afmæli sínu. Þegar félagið var stofnað þann 5. desember 1988 bar það heitið Alnæmissamtökin á Íslandi en nafninu var breytt nokkrum árum síðar í HIV-Ísland og segir það töluvert um sögu og framgang þessa illviga sjúkdóms. Samtökin voru stofnuð fljótlega eftir að alnæmisfaraldurinn hóf innreið sína í íslenskt samfélag. Meginverkefnið var að styðja HIV-smitaða, alnæmissjúka og aðstandendur þeirra. Samtökin fóru fljótlega að standa fyrir fræðslu og forvörnum um HIV og alnæmi í skólum landsins. Það vakti alþjóða athygli og þótti óvenjulegt að HIV-smitaðir og aðstandendur þeirra kæmu fram með þessum hætti og stuðluðu að fræðslu frá fyrstu hendi. Það var áhrifaríkt að fylgjast með þegar HIV-jákvæðir og fólk með alnæmi stigu fram og fóru að segja frá reynslu sinni og upplifun af sjúkdómnum. Almenningsur fór að átta sig á að alnæmi var raunveruleiki hér á landi ekki síður en annars staðar í heiminum. Ég velti því fyrir mér hvort fólk almennt áttar sig á hversu mikið hugrekki þurfti til að gera það sem þetta fólk gerði.

Fyrir um 20 árum síðan komu ný HIV lyf á markaðinn. Með tilkomu þessara lyfja breyttist ástandið verulega. Þeir sem lágu á sjúkrahúsum nær dauða en lífi náðu ótrúlegum bata á skömmum tíma. Margir sátu þó uppi með mismiklar afleiðingar óvægens sjúkdóms, bæði andlegar og líkamlegar. Þeir sem greindust HIV jákvæðir eftir að nýju lyfin komu á markað sýna lítil sem engin einkenni sjúkdómsins. Lyfin halda veirunni niðri svo hún verður ómælanleg og um leið ósmitandi. Með því að taka eina pillu á dag geta HIV jákvæðir lifað löngu og innihaldsríku lífi og þurfa ekki að vera með stöðugan ótta um að smita aðra. Á alþjóðlegu ráðstefnunni AIDS 2018 kom m.a. fram að allar nýjar rannsóknir styðja niðurstöður fyrri rannsókna þar sem fram kemur að HIV jákvæðir á lyfjum smita ekki.

Dásamlegar fréttir! Ekki bara fyrir okkur sem erum HIV jákvæðir heldur fyrir allt mannkynið. Þó við séum ekki kominn með lækningu á HIV þá getum við haldið veirunni niðri og komið þannig í veg fyrir að hún smitist áfram. En hvers vegna deyja þá enn þá ein miljón manns á hverju ári úr alnæmi og HIV?

UNAIDS eru alþjóðleg samtök sem hafa þá metnaðarfullu stefnu að útrýma heimsfaraldri HIV og alnæmis fyrir árið 2030. Baráttan er umfangsmikil, flókin og kostnaðarsöm. Þó margt hafi gerst jákvætt hér á Íslandi og löndunum í kringum okkur gerast enn hryllilegir atburðir annars staðar í heiminum sem rekja má til fáfræði og fordóma.

Þegar ég hugsa um þessi mál sé ég stundum fyrir mér myndir af Díönu prinsessu þar sem hún situr við sjúkrabeð deyjandi alnæmissjúklinga. Hún heldur í hönd þeirra og spjallar við þá af þeirri virðingu og hlýju sem ein-kennði hana. Þegar ég hugsa til baka þá fyllist ég aðdáun yfir hugrekki og djörfung þessarar ungu prinsessu heimsins. Hún blés á fordóma og hindurviti og lét hjartað og manngæskuna ráða för. Hún á aðdáun mína alla þessi fallega mannvera sem hafði svo mikil áhrif á baráttu alnæmissmitaðra fyrir mannréttindum og réttlæti.

Þegar ég hlustaði á son hennar, Harry prins tala á alþjóðlegu ráðstefnunni AIDS-2017 og svo aftur nú í sumar á AIDS-2018 þá varð mér ljóst hve gríðarlega mikilvæg aðstoð hennar við málefnið hefur verið. Ég áttaði mig á því að sonur hennar hefur gerst kyndilberi móður sinnar ekki bara til að sýnast af því að til þess væri ætlast af honum heldur vegna þess að honum er ekki sama. Honum er ekki sama um afdrif fólksins sem móðir hans bar svo mikla umhyggju fyrir og setti sig jafnvel á móti fyrirmælum bresku krúnunnar til að geta sinnt. Það er staðreynd að baráttu okkar gegn útbreiðslu HIV á heimsvísu er svo gríðarlega kostnaðarsöm að við ráðum ekki við hana án hjálpar fólks eins og Harry prins, sir Elton John og Bill Gates svo nokkrir séu nefndir. Á meðan ríkisstjórnir heims hafa misst áhugann á baráttunni gegn HIV faraldrinum og dregið úr styrkjum og stuðningi hafa margir heimsþekktir velgjörðarmenn okkar staðið keikur við sitt og slá hvergi af. Ég er svo þakklát fyrir þetta fólk.

Það sem stendur einna hæst upp úr varðandi baráttumálin okkar hérna heima er að nú er búið að samþykka frítt aðgengi að PrEP sem er öflugt forvarnarlyf gegn HIV (nánari umfjöllun aftur í blaðinu). Við höfum einnig lagt



mikla áherslu á að fá auðvelt aðgengi að HIV hraðgreininarprófum. Við finnum fyrir velvilja yfirvalda og höfum trú á að þessu mikilvæga baráttumáli okkar verði fljótlega fundin höfn. Auðvelt aðgengi að hraðgreiningarprófum er ein mikilvægasta forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir HIV smit.

Annars erum við nokkuð létt í notalega húsinu okkar hér á Hverfisgötunni. Við erum ánægð með lífið og tilveruna og sjáum framþróun í hverju skrefi. Við höfum tamið okkur að takast á við viðfangsefnið af virðingu og alúð og vonum að gestir okkar og félagar finni það. Við hvetjum áhugasama til að kíkja við hjá okkur – alltaf heitt á könnunni.

Að lokum langar mig að minnast á að við tókum þátt í Gleðigöngunni í annað sinn og það var sko gert með pompi og prakt. Mikil litadýrð og gleði fylgdi fjölmönnum hópi félaga og vina sem öllum kom saman um að endurtaka leikin næsta ár með enn meiri pompi og enn meiri prakt. Það má eiginlega segja að þátttaka okkar í Gleðigöngunni spegli í raun stöðu okkar mála í dag:

Hugrekki, sýnileiki og jákvæðni.

*Með kærleikskveðju
Sigrún Grendal Magnúsdóttir, formaður
HIV-Ísland*

HIV-Ísland starfar í þágu HIV-jákvæðra og aðstandenda þeirra. Í húsnæði samtakanna er unnt að leita upplýsinga, boðið er upp á fræðslu til félagsamtaka, fyrirtæja og annara, auk skipulagðrar fræðslu sem fram fer í grunnskólum landsins

Skrifstofa okkar er að Hverfisgötu 69.

Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga,
frá kl: 13.00 til 16.00

Stjórn:

Formaður

Sigrún Grendal Magnúsdóttir

Varaformaður

Ingi Hans Ágústsson

Gjaldkeri

Svavar G. Jónsson

Meðstjórnendur

Árni Friðrik Ólafarson, Fjóla

Guðmundsdóttir, Ragnar Erling

Hermannsson og Vignir Ljósálfur Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Einar Þór Jónsson

Netfang: hiv-island@hiv-island.is

Vefsíða: www.hiv-island.is

Sími: 552-8586

Kennitala: 541288-1129

Bankanúmer: 513-26-603485

Styrkur er alltaf vel þeginn

Rauði borðinn

Tímarit samtakanna HIV-Ísland

29. árgangur, 30. tölublað

Útgáfudagur 1. desember 2018

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Einar Þór Jónsson

Ritnefnd

Sigrún Grendal

Vignir Ljósálfur Jónsson

Páll Guðjónsson

Umbrot: Hiv Ísland

Forsíðumynd: Robert Gaska

Prentun: Oddi ehf

Upplag: 4000 eintök

ISSN: 1670-2751

Efnisyfirlit:

Hugleiðingar formanns	3
Hugleiðingar framkvæmdastjóra	5
Árni reis upp frá dauðum	6
Bræður mínir	12
Alnæmissjóður MAC	14
Gleðigangan 2018	16
Alþjóðlega AIDS ráðstefnan 2018	18
Fræðslu- og forvarnarverkefni	19
Tugir karla komnir á forvarnarlyf gegn HIV	20
Svona fólk	23
Líf og fjör í læknadeild	24
Percy B. Stefánsson – minning	27
Hátt í 90 nýskráðir með HIV á þremur árum	29
Tölfræði	30

30 ára afmæli!

og

Dagur rauða borðans

Alþjóðlegi alnæmisdagurinn
laugardaginn 1. desember.

Alþjóðleg yfirskrift dagsins í ár er:
„*Know your status*“

Kæru vinir!

Við ætlum að fagna stórafmæli félagsins okkar á alþjóðlega alnæmisdeginum laugardaginn 1. desember í félagsheimilinu okkar á Hverfisgötu 69.

Dagskrá hefst kl. 16.00 og húsið er opið fyrir gesti og gangandi til kl. 19.00.

Við fáum heimsókn góðra listamanna og ljúfar veitingar verða í boði.

Við hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Skemmtum okkur og fögnum saman í kærleik og þakklæti!

Stjórnin HIV Ísland

Verið velkomin!



STJÓRN HIV ÍSLAND

Talið frá vinstri: Sigrún Grendal Magnúsdóttir,
Vignir Ljósálfur Jónsson, Ragnar Erling Hermannsson,
Fjóla Guðmundsdóttir, Ingi Hans Ágústsson og
Árni Friðrik Ólafarson.

Sitjandi fyrir miðju: Svavar G. Jónsson og Einar Þór Jónsson

HIV Ísland í 30 ár

Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV Ísland skrifar:

Við fögnum 30 ára afmæli HIV Ísland þessa dagana. Jafnframt eru 100 ár liðin frá því að spænska veikin náði hámarki hér í Reykjavík með miklu mannfalli og sorg, en þessi hörmungaratburður dró einnig fram það góða í fólki, samhjálp og ást.

Hvernig HIV faraldursins verður minnst eftir 100 ár vitum við ekki. Hugsunin er blendin, við skulum ekki gleyma hvers vegna HIV jákvæðir um veröld alla hafa búið við ótta, mismunun, fordóma og útskúfun í gegnum árin. Gæti það verið vegna þess hve dugleg við vorum og erum að skilgreina og flokka HIV jákvæða í áhættuhópa og eftir áhættuhegðun, hommana, sprautufíklana, innflytjendurna og vændisfólkið. Það er tími til kominn að afglæpavæða HIV sjúkdóminn um víða veröld og skila skómm HIV smitaðra.

Við sem höfum lifað af sjúkdóminn höfum svo margt að þakka fyrir og ekki síst við Íslendingar fyrir að hafa notið heilbrigðisþjónustu af bestu gerð. Hér er hugað að mannréttindum. Þessir þættir hafa líklega átt sinn þátt í því að lífskilyrði HIV jákvæðra er með besta móti hér á landi og eftirsótt að flytja hingað. Áfallasaga, fíknivandi og félagslegir erfiðleikar er miklar hindranir í tilveru margra og styttrir líf þeirra.

Störf HIV samtakanna eru sérstök, viðkvæm og frábrugðin öðrum félögum að því leyti að stór hópur félagsmanna vill ekki láta aðra í samfélaginu vita af sér. Þessi hópur kemur ekki fram nema undir algjörum trúnaði og ekki á opinberum viðburðum sem félagið stendur fyrir. Umræðuhópar meðal grasrótarinnar eru starfandi og félagar og almenningur getur gengið að ráðgjöf og upplýsingum um allt það sem málefnið HIV stendur fyrir.

35 einstaklingar hafa greinst með HIV það sem af er ári og eru í þjónustu á göngudeild smitsjúkdóma LSH í Fösvogi. Íslendingar eiga skelfilega háar tölur HIV og annara kynsjúkdóma. Sprenging hefur orðið meðal HIV nýgreindra síðustu þrjú árin. Metið var slegið á síðasta ári með 28 greindra, eins og áður segir eru í ár þegar greindir 35 þegar þessi orð eru skrifuð um miðjan nóvember. Árið 2018, verður



því miður lang fjölmennasta ár frá upphafi. Við hjá HIV samtökunum erum mjög slegin yfir þessu. Fjöldi HIV smitaðra á Íslandi frá upphafi eru komnir vel yfir 400. Margir telja að það skekki myndina að þeir sem koma erlendis frá og eru með svo nefnd eldri smit flokkist sem nýgreindir á Íslandi en um helmingur allra í ár erum með „þekkt eldri smit“. Gagnrýnt hefur verið hvernig tölur og greiningar eru birtar almenningsi í fjölmiðlum og að það geti alið á fordómum gegn ákveðnum hópum.

Yfirskrift alþjóðlega alnæmisdagsins 1. desember í ár er „Know your status“ sem felur í sér hvatningu til allra að fara í HIV próf. Gott aðgengi að prófum er lykillinn að viðurkenningu á því að sjúkdómarnir eru til staðar og eru jafnframt verkfæri til að stemma stigu við HIV. Það er nauðsynlegt að geta komist í hraðgreiningarpróf á óháðum stað í borginni og megi það verða sem fyrst. Hraðgreiningarprófin gera skimanir auðveldari í öllu samfélaginu, ekki bara meðal lykilhópa. Greiningarstöðvar sem þessar gera fólk ábyrgara og því líður eins og það hafi val. Þessi kostur virkar hvetjandi á fólk til að mæta reglubundið í skoðun og er gríðarlegur sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið.

Dásamlegt baráttumál var í höfn í sumar þegar yfirvöld hófu að greiða að fullu fyrir samheitalyf Truvada til að fyrirbyggja ný HIV-smit meðal karla sem stunda kynlíf sín á milli. Um 90 karlar hafa nú á fáum vikum farið í gegnum áhættumat á Landspítala og fengið forvarnarlyf gegn HIV í hendur. Bryndís Sigurðardóttir smitsjúkdómalæknir telur að þeir verði allt að 100 talsins innan skamms og jafnvægi verði náð.

Þrátt fyrir erfiðleika við að ná endum saman í rekstri HIV Ísland, en félagið byggir afkomu sína á styrkjum, hefur öflugt fræðslu- og forvarnarstarf átt sér stað í grunnskólum landsins líkt og fyrri ár. Einnig hjá meðferðarstofnunum, góðgerðarsamtökum, Samtökunum 78, fangelsi og læknaðeild svo eitthvað sé nefnt. Dreift er smokkum í miklum mæli til einstaklinga og hópa um allt land sem þess þurfa. Ný og uppferð heimasíða er í vinnslu og er hönnunin í höndum Páls Guðjónssonar.

Aðgengi og fræðsla fyrir alla er númer eitt. Við ættum að flokka og skilgreina minna, láta okkur þykja vænt um hvort annað og njóta lífsins. Fræðsla og opin-ská umræða er afar brýn fyrir alla hópa og okkur ber að stuðla að henni, upplýsa og fræða án umvandana og ótta.

Á 30 ára afmæli HIV Ísland horfum við með hjartsýnisaugum fram á veginn. Við erum þakklát fyrir allan stuðninginn og minnumst fallinna félaga með virðingu. Við gleðjumst yfir því að veruleiki og framtíðarhorfur HIV-jákvæðra eru allt aðrar og betri í dag en fyrir þremur áratugum síðan.


Hugrekki, samastaða og virðing var svo augljós og tímans tákn þegar félagsmenn og stuðningsfólk gengu stolt í litadýrð, gleði og sýnileika á Hinsegin dögum í sumar. Á spjöldum stóð „HIV jákvæðir á lyfjum smita ekki“, „Bless fordómar! Halló góðgjöf!“ Það var ekki laust við að framkvæmdastjórinn fengi rykkorn í augað.

Kæru félagsmenn og vinir!
Til hamingju með 30 ára afmælið!

ÁRNI REIS UPP FRÁ DAUÐUM

Stjórnarmaður HIV samtakanna
hefur lifað með HIV í rúm 30 ár

Eftir Einar Þór Jónsson og
Gunnhildi Örne Gunnarsdóttur





„Ég trúði því aldrei að ég yrði þrítugur. HIV var algjör dauðadómur, hræðilegt ástand. Ég var ofboðslega hræddur þegar ég greindist. Samt strax ákveðinn í því að berjast. Ég veit ekki hvað maður ætlaði sér, en alla vega að gefast ekki upp strax,“ segir Árni Friðrik Ólafarson rúmum þrjátíu árum eftir að hann greindist með HIV og hlaut að því að hann best vissi dauðadóm. Ólöf Markúsdóttir, 75 ára móðir hans, lýsir ástandinu: „Hann reis upp frá dauðum. Líf hans var á síðustu metrunum.“

Árni er 52 ára stjórnarmaður í HIV Ísland og lifandi sönnun þess að spilin eru ólíkt gefin í upphafi. Allt frá því að hann greindist með HIV árið 1987 hefur lífið verið þrautaganga, en hann hefur leyst þrautirnar eina af annarri og upplifað stóra sigra. Hann sigraðist á alnæmi. Hann sigraðist á krabbameini. Hann hefur komið böndum á beinþynningu. Nú situr hann með kaffibolla í hönd í sófa í húsi HIV samtakanna, þar sem hann er tíður gestur. Við ræðum lífið.

„Ég var mánuðum saman inni á spítala. Það réðst ekki neitt við neitt. Ég var með alnæmi á lokastigi í tvö ár sem þýðir að ég var alnæmur fyrir öllu, sýktist bókstaflega af öllu. Ég lá oft fyrir dauðanum en náði að halda geggj-aða þrítugs afmælisveislu og var hress í febrúar 1996. Næstu tvö árin var ég rosalega veikur og var bara einni lungnabólgu frá því að deyja,“ segir Árni rólegur. Það skín í gegn að æðruleysi, seigla og kjarkur hafa fylgt honum eftir.

„Svo komu nýju lyfin 1997 en þó liðu hátt í tvö ár þar til ég gat notað þau. Ég var með sýkingu í lifrinni sem orsakaði það. Hér langar mig að minnast á Má Kristjánsson yfirlækni á smitsjúkdómadeildinni. Hann hreinlega bjargaði lífi mínu. Már gafst ekki upp og fann leið fyrir mig út úr þessu.“



Á Spáni 1994 með Dabbý, Dóra og Hildi. Mynd úr einkasafni.

Kroppurinn við það að gefast upp

Árni braggaðist frá ársbyrjun 1999 en eftirköst og erfið veikindi fylgdu á næstu árum. „Árið 2002 fékk ég krabbamein og meðferðin gekk nærri af mér dauðum. Sjónin fór að versna og í dag er ég lögblindur og sé mjög lítið.“

Það er augljóst að HIV hefur markað meirihluta lífs hans en með stuðningi móður sinnar hefur lífið verið auðveldara. Ólöf er ekki einungis helsti bandamaður Árna heldur líka hans besta vinkona. Spurð hvort hún hafi óttast að missa hann. „Já, guð almáttugur. Líf hans var á heljarþröm. Það voru ekki vikur heldur dagar þar til kroppurinn gæfist upp. Hann var ekkert nema skinn og bein og mótstöðuaflíð ekki neitt. Svo situr hann uppi með þessar skemmdir; blinduna, beinþynningu og kropp sem er ekki mikið yngri en minn – þannig. Svo margt hefur hrjáð hann.“

Einn með móður sinni fyrstu árin

Fyrstu sex ár ævi Árna bjuggu þau mæðgin á Rífi á Snæfellsnesi þar sem móðurfjölskyldan var þeirra akkeri. Þá fluttust þau til Siglufjarðar. „Árni er eins og eingetinn,“ segir Ólöf. „Og þegar lögum var breytt breytti hann nafninu sínu og kenndi sig við mig. Árna finnst það í hæsta máta eðlilegt og ég er mjög stolt af þessari ákvörðun hans.“

Eigin nafnið fékk hann frá langa-langafa sínum. „Hann hét Árni Friðrik, var með rautt skegg, 3 álnir og 2 þumlungar á hæð, sem er eitthvað yfir 1.90 m, enda kallaður Árni langi,“ lýsir hún. Sjálfur er Árni ansi hávaxinn og því ekki erfitt að ímynda sér að hugsanlega svipi þeim saman.

„Ég var mánuðum saman inni á spítala. Það réðst ekki neitt við neitt. Ég var með alnæmi á lokastigi í tvö ár sem þýðir að ég var alnæmur fyrir öllu, sýktist bókstaflega af öllu.“

Þótt fjölskylda Árna hafi stækkað enn frekar á Siglufirði með tilkomu stjúpfoður- ömmu, afa og síðar bróður var veran þar engin sæla. Hann þótti full stelpulegur og ljóst að það skorti á umburðarlyndið. „Það var ótrúlegt sem leyfðist gagnvart svo mörgum,“ segir Árni.

Ólöf segir að hún hafi vel gert sér grein fyrir því að hann ætti erfið uppdráttar. „En ég hafði engan áhuga á því að breyta þessum indæla dreng mínum þótt ég hefði áhyggjur af velferð hans og þær voru ekki ástæðulausar. Viðhorf gagnvart samkyhnheigðu fólki var slæmt og fordómarnir miklir. En hann var alltaf skýr strákur, vel gefinn og sjarmerandi. Allt fullorðið fólk var hrifið af Árna.“

Flutti suður í frelsið

Samfélagið fyrir norðan þrengdi að Árna sem flutti suður árið 1983. Ólöf segir að það hafi verið erfitt að hann hafi farið svona óskaplega ungur að heiman. „En ég skildi það. Honum var ekki vært á Siglufirði. Hann upplifði einelti. Ég hjálpaði honum því að fara í burtu.“

Árni fór að vinna á veitingastaðnum Horninu. „Það var aðal staðurinn í þá daga, eini staðurinn sem var

frjálslegur með ítölskum mat, alltaf fullt út úr dyrum,“ segir hann. „Þar kynntist ég yndislegum vinkonum mínum Beggu og Dabbý sem er svo tryggar og góðar enn í dag. Ég kynntist fullt af fólki, Lúlú, Kolby og allir gay strákarnir. Allir vinirnir, Bjösssi, Einar Þór, Trixie, Donni, Bjöggi, Gunni, Matti og fleiri og fleiri.“

Hann vann á mörgum vinsælustu veitingastöðunum í Reykjavík á níunda áratugnum og segir að þetta hafi verið æðislegur tími til að koma út sem hommi í Reykjavík. „Það var mikið unnið og djammað og ég hugsa alltaf til þessa tíma með gleði. Gay-lífið í Reykjavík var heitt og ekki saknaði ég Siglufjarðar.“

Árni segir þó að oft hafi hann orðið var við fordóma. „Ég veit að ég var áberandi, ég safnaði eldrauðu hári mínu niður á bak og málaði mig eins og mig langaði til og klæddi mig eins og mér sýndist. Það var veinað á eftir manni á götu en ég var fljótt mjög fær í að láta það ekki á mig fá. Lífernið var skrautlegt, aldrei lét maður sjá sig nema upp-áklæddan og flottan til fara og ég þekkti allar tuskubúðir bæjarins. Ég vann á kvöldin og langt fram á nætur og svo var djammað.“

Ósköp venjulegur hommi

Hann lét ekki sjá sig að degi til nema með sólglæru. „Þau voru aldrei nógu stór og dökk, ég fann samsömun með lífi Vampíra. „Interview with the Vampier“ eftir Ann Rice gæti lýst mér vel á þessum árum. Móðir hans vill þó meina að vampírulýsingin eigi einnig við þegar hann veiktist, því hann hafi verið í stöðugum blóðgjöfum. „Þetta var eins og að vera með Drakúla. Það var farið með hann á spítala þar sem hann fékk blóðgjöf sem dugði í viku.“

Árni segir að á þessum tíma hafi menningin meðal homma á djammínu verið að „þegar allt var komið í stuð“ hafi þeir farið að „kvenkenna hvern annan og kalla kerlingarnöfnum, mér fannst þetta rosalega



skemmtilegt,“ segir hann og bætir við: „Svo öllu sé haldið til haga hér þá upplifi ég mig sem ósköp venjulegan homma, hvað sem normið er nú í þeim málum.“

Norm eða ekki norm. Ljóst er að einhverjir áttu erfitt með að una Árna lífsstílnum því seint um vetur 1985 varð hann fyrir stórfelldri líkamsárás seint að kvöldi á Rauðarárstíg á heimleið með vinkonu sinni eftir ball á skemmtistaðnum Upp og niður sem þá var við Hlemm.

„Árásin var hrottaleg, ég var allur í klessu, skorinn og slasaður. Leigubílstjóri sem kom að hlúði að mér og hringdi á sjúkrahús. Ég var saum-

aður og mér tjaslað saman á sjúkrahúsinu.“

Líkamsárásin skildi eftir djúp spor. „Ég varð hræddur við að vera einn á ferli á eftir og hræddur við fulla strait stráka, enda var nánast réttlæt看legt að berjast homma á þessum árum.“ Þetta var ekki eina árásin því rúmum tuttugu árum síðar, á gamlárskvöldi 2006, varð hann aftur fyrir hættulegri líkamsárás.

„Ég var að ganga Hallveigarstíginn með þáverandi kærasta mínum. Við vorum á leið á ball hjá Samtökunum 78. Hópur af brjáluðum strákum réðust að okkur, stálu töskunni minni og lömdu okkur í spað. Aftur

Mýnd: Robert Gaska



Ólöf, Ívar, Árni og Gestur. Mynd úr einkasafni.

fór ég í sjúkrabíl. Það er skelfilegt að lenda í svona áfalli, vera stórslasaður af mönnum sem þú veist ekki hverjir eru, í skjóli myrkurs og þeir ganga einbeittir til verks.“

Ætluðu að djamma til síðasta dags

Árni segir að áður en hann smitaðist hafi hann heyrt um dularfullan hommasjúkdóm í fjölmiðlum. „Sumir strákanna töluðu um að ef þeir smituðust ætluðu þeir að djamma bara þangað til þeir myndu detta niður dauðir,“ lýsir Árni. Honum hafi liði ömurlega þegar hann greindist og verið mjög óttaslegin. „Samt fór maður einhvernveginn að berjast. Ég hugsaði að nú að ég yrði ekki gamall, og það vofði nú yfir manni í ansi mörg ár og litaði tilveruna. Fótum var kippt undan manni.“

Hann var á þessum tíma byrjaður að skoða skóla og stefndi í förðunarnám í Kaliforníu. „Förðun var ekki kennd á Íslandi á þessum tíma, ég var með útþrá og langaði út í heim.“ Við greininguna var hins vegar öllum plönum slegið á frest. Nú lifði hann einn dag í einu, eins og svo margir með veiruna.

„Ég hugsaði stundum að ég ætti nú að fara að lifa heilbrigðu lífi, hverjar sem efndirnar urðu nú á því. Það var engin aðstoð í boði, áfallahjálp

„Ég óttaðist að fá ekki vinnu. Ég vann sem þjónn á þessum tíma og gerði mér fullkomlega grein fyrir því að það væri ekki gott til afspurnar að bera mat í fólk HIV-jákvæður.“

þekktist ekki. Maður bar þetta bara einn fyrst.“

Sagði engum frá fyrstu árin

Hann lýsir því hve erfitt hafi verið að segja frá. „Ég sagði engum frá þessu fyrstu árin og mömmu og pabba brá illa við, loksins þegar ég sagði þeim frá. En þau hafa alltaf staðið 100% á bak við mig með kærleik og stuðning. Hlýhugur og velvild stórfjölskyldunnar var líka mikils virði, allir að spyrja hvernig ég hefði það. Ég óska þess í dag að ég hefði sagt frá strax í byrjun,“ segir Árni.

Ólöf segir að hún hafi lengi velt því fyrir sér hvers vegna hann kaus að bera byrðarnar einn. „Ég var á fundi fyrir sunnan, þá kom hann til mín upp á Hótel Ísland og sagði mér þetta. Það var rosalegt áfall – ólæknandi og hræðilegur sjúkdómur. Ég held þó að það hafi verið ennþá meira sjokkerandi að hann skyldi ekki segja mér þetta fyrr. Ég skildi það ekki.“ Hún hafi svo velti fyrir

sér hver viðbrögð ömmu og afa yrðu. „Það voru óþarfa áhyggjur. Þau skildu þetta allra best.“

Árni segir að hann hafi ekki viljað að fólk hefði áhyggjur af sér á meðan hann var einkennalaus, en höfnun hafi einnig leikið sitt hlutverk. „Ég óttaðist að fá ekki vinnu. Ég vann sem þjónn á þessum tíma og gerði mér fullkomlega grein fyrir því að það væri ekki gott til afspurnar að bera mat í fólk HIV-jákvæður.“

Tilkoma Alnæmissamtakanna árið 1988 hafi skapað vettvang fyrir HIV jákvæða til að opna sig um þessar erfðu aðstæður. „Marga af strákunum þekkti maður fyrir en það breytti miklu að ræða aðstæður eins og þær voru. Ég upplifði traust og stuðning í jákvæða hópnum,“ segir Árni og að mjög margir þeirra sem hann treysti og talaði við um þessa erfðu tíma væru látnir.

„HIV Ísland er mér enn mikils virði, þar hefur starfað duglegt og gott fólk og þangað sæki ég félagsskap og styrk. Mamma hefur líka verið mjög virk í starfi aðstandenda og hún er nú heiðursfélagi í HIV Ísland.“

Sótti í festu heimilisins

Bærinn sem áður var of lítill fyrir Árna varð gríðastaður hans á árunum 1989 til 1991, eftir að hann smitaðist en áður en hann veiktist. „Ég fór heim til mömmu og pabba. Það var góður tími eftir á að hyggja. Ég fór að vinna á leikskólanum í bænum, frábær vinna sem átti vel



Árni sem ungur drengur. Mynd úr einkasafni.

við mig. Ég hugsaði um heilsuna og fjármálin komust í lag. Heima hjá mömmu var líka allt í röð og reglu.“

Veikindin gerðu fyrst vart við sig árið 1994 þegar Árni var kominn til Spánar. „Ég vann sem barþjónn á Benidorm. Kolby og Adolfo vinir mínir voru þarna líka. Ég fékk slæma sýkingu í vélinda og kom ekki einu sinni niður vatni. Þetta var upphafið að löngum veikindum mínum. Árið eftir fór ég að veikjast alvarlega af alnæmi, hætti að geta unnið og hef ekki verið á vinnu-markaðinum síðan.“

„Það er aldrei nein taka tvö í lífinu. Það tekur því ekki að hugsa ef og hefði. Hann átti að ganga í gegnum þetta, hvort sem það eru forlög eða hvað, segir Ólöf. Ég er þakklát fyrir að hann fékk að lifa.“

Ný lyf kveiktu von um líf

Það var ekki fyrr en árið 1997 að Árni fékk trú á því að hann ætti eftir að lifa. „Þá kviknaði vonarneisti. Maður sá að vinum batnaði, þótt það gengi illa hjá mér,“ segir hann og þótt það komi hugsanlega einhverjum á óvart þá flæktist þessi ný veruleiki fyrir sumum þeirra, sem höfðu gert ráð fyrir því að eiga stutt líf í vændum.

„Þegar lyfin komu þurfti að endurskoða alla hluti. Margir fóru jafnvel í nám og gerðu róttækar breytingar á lífi sínu. Fólk fór að setja sér langtímamarkmið og það var stór biti fyrir marga að kyngja að þeir væru ekki að deyja. Ég get illa lýst því en það var átak að takast á við að geta hugsanlega haldið áfram að lifa.“

Spurður hvort HIV hafi haft áhrif á viðhorf til samkynhneigðra, svarar hann játandi. „Já, það gerði það. Það var nú ekki gott fyrir og nú bættust við allir þessir fordómar. En af því að þessi staða kom upp neyddist

fólk til að tala um hana. Það hafði góð áhrif til lengri tíma lítið. Við urðum sýnilegri. Ég held að þegar uppi er staðið hafi þetta raunverulega verið lóð á vogarskálarnar og bætt viðhorfið til samkynhneigðar.“

Fólk án stuðnings á köldum klaka

Það er alveg ljóst að veikindin hafa umturnað líf Árna. „Stuðningur mætti vera meiri hjá kerfinu, en framfærslan hefur bjargast með samheldni fjölskyldunnar. Fólk sem slegið er á unga aldri af slíkum hörmungum sem krónískir sjúkdómar eru, svo ég tali nú ekki um sjúkdóma sem valda varanlegri örorku, þarf að geta fengið stuðning hjá kerfinu,“ segir Árni.

„Eðli málsins samkvæmt á ungt fólk sjaldan digra sjóði að sækja í þegar það veikist, þannig að bara það að hafa öruggt húsaskjól er algjörlega ófyrstíðanlegt fyrir ungan öryrkja. Það er ljóst að þeir sem ekki hafa gott bakland eru bara á köldum klaka.“

Ólöf tekur undir þessi orð Árna. Hún hafi leitað logandi ljósi að íbúð fyrir hann eftir að hann veiktist svo hann ætti sinn samastað en ekki fengið, svo á endanum keypti hún kjallaraíbúð þar sem Árni býr enn.

„Nú er ég orðin 75 ára og hefði gjarnan viljað sjá hann öruggan í íbúð hjá Blindrafélaginu. Þar er allt sérstaklega upplýst, lyfta og hljóðmerki og hægt að kaupa mat,“ segir hún. „En það virðist vera akkilesarhæll að búa í þessari íbúð minni því alltaf eru einhverjir verr settir en hann svo hann situr eftir.“

Verðmætin í samböndunum

Oft er erfitt að spyrja sig „hvað ef“-spurninga, en sér Árni hvernig lífið væri hefði hann aldrei greinst með HIV? „Allt öðruvísi,“ svarar hann. „Ég hefði farið í förðunarnámið í Bandaríkjunum og væri að vinna við það í dag. Ég hefði ekki misst sjónina og hefði því hvort tveggja getað unnið við að þjóna eða við förðun,“ segir Árni og stoppar sig



Árni og Venus árið 2001.
Mynd úr einkasafni.



Árni og Karl Berndsen árið 2001.
Mynd úr einkasafni.

af. „Ég leyfi mér almennt ekki svona hugsanir. Það er betra að gera það besta úr aðstæðum og njóta dagsins.“ Því er Ólöf sammála.

„Það er aldrei nein taka tvö í lífinu,“ segir hún. „Það tekur því ekki að hugsa ef og hefði. Hann átti að ganga í gegnum þetta, hvort sem það eru forlög eða hvað. Hann er einn af þessum óheppnu og þarf að gera það besta úr mikilli örku og örorku. Ég er þakklát fyrir að hann fékk að lifa.“

En sér hann þá fram á að verða gamall? „Já og nei. En miðað við framfarir í læknisfræðinni yrði ég ekki hissa á að verða gamall og það þótt bæði hjartveiki og kransæðasjúkdómar séu í móðurfjölskyldunni,“ segir hann enda á lyfjunum og ósmitandi í dag.

„En ég er farinn að hugsa um að aðeins eru átta ár þar til ég get farið í félag eldri borgara. Ég sé hvað mamma skemmtir sér vel í þeim félagsskap, svo ég hlakka til,“ segir Árni og hlær. „Þetta er jú það sem gefur lífinu gildi. Samband við mömmu og fjölskyldu mína. Sterkur vinahópur og tryggar vinkonur, sem þegar upp er staðið er það dýrmætasta af öllu.“

Bræður mínir

Hann var í ljósbrúnum flauels-jakkafötum og rúllukragabol, minnir mig, fingerður, með stór gleraugu og þvengmjór. Þetta var í fermingarveislu hjá frændum okkar vorið 1984. Þar sá ég hann í fyrsta sinn. Við höfðum oft heyrt minnst á Brynjólf bróður okkar, hálfbróður nánar tiltekið. Það er skrítið orð. Hann var yngsta barn pabba af fyrri hjónabandi, fæddur í mars 1951 þegar pabbi og fyrri kona hans voru skilin. Þau gáfu hann barnlausum hjónum sem bjuggu á Fornhaganum og voru ágætlega efnuð.

Þegar ég segi við, á ég við okkur Óla bróður sem er rúmlega ári yngri en ég. Við áttum líka stóran bróður, hann Yngva sem var miklu eldri en við. Hann fæddist 1947 og fluttist til Kaupmannahafnar árið 1970 og bjó þar til ótímabærs dauðadags. Við þrír vorum albræður. Það er líka skrítið orð. Okkur Óla þótti afar vænt um Yngva og litum upp til hans af því okkur þótti hann svo mikill heimsmaður. Brynjólf þekktum við ekki neitt og höfðum engan sérstakan áhuga á að kynnst honum, einhverra hluta vegna.

Áður en við fórum í fermingarveisluna var okkur sagt að Brynjólfur væri alvarlega veikur og máttfarinn en ekki væri almennilega vitað hvað gengi að honum. Sennilega ætti hann ekki langt eftir. Hann var 33 ára. Það fylgdi sögunni að hann langaði að kynnst okkur, litlu bræðrum sínum. Við náðum ekki að spjalla mikið saman í veislunni en hann bauð okkur í heimsókn til sín eitthvert kvöldið snemmsumars á Fornhagann. Við þáðum auðvitað boðið og þessi kvöldstund hefur tekið sér bólfestu í minninu.

Þetta var rúmgóð og björt þakíbúð á hæðinni fyrir ofan íbúð fósturforeldra Brynjólfs. Við settumst í



þægilegan sófa og Brynjólfur bauð svolítið nervus upp á kaffi eða te. Hann átti stórt hljómplötusafn. Hann var hjúkrunarfræðingur og hafði flust til Kaupmannahafnar 1978. Þar vann hann á Bisbebjerg hospitalet en veiktist og flutti aftur til Reykjavíkur 1982 og fór að vinna á geðdeild Borgarspítalans. Við röbbuðum saman langt fram á kvöld. Það var gott. Einhverntíma kvöldsins fór hann fram í eldhús að hella upp á meira kaffi. Í einhverju fíkti dró ég fram klámblað, greinilega ætlað hommum, sem lá ásamt tónlistartímaritum á glerplötu undir sófaborðinu og fletti því snögglega. Brynjólfur sá þetta og sagði „það er eins gott að hún fósturmóðir mín sér þetta ekki. Hún myndi ekki einu sinni snerta á svona löguðu með gulu gúmmihönskunum sínum.“

Í minningunni lifir tilfinning fyrir einsemd og harmi en líka gleði. Af hverju í ósköpunum höfðum við aldrei haft áhuga á að kynnst honum. Við fréttum síðar um sumarið að þessi kvöldstund okkar hefði glatt Brynjólf mikið. Hann lést 17. nóvember sama ár. Opinber dánarorsök var eitlakrabbamein. Við kistulagninguna var kistan lokuð og innsigluð að fyrirmælum lækna. Nokkrum árum síðar fréttum við að Brynjólfur hefði líklega verið fyrsti Íslendingurinn til að látast úr alnæmi. Annan júlí 1985 tilkynnti

Borgarbókasafnið að fósturforeldrar Brynjólfs hefðu gefið safninu gríðarmikið hljómplötusafn með óperutónlist, nótnasafn og tónlistartímarit í minningu hans.

Svo var það hann Yngvi. Ætli ég hafi ekki verið tólf ára þegar faðir minn dróg mig afsíðis af því hann þurfti að tala aðeins við mig. Hann taldi að Óli væri of ungur til heyra fréttirnar sem hann var með. Þannig væri mál með vexti að Yngva hefði liðið illa og nú væri komið í ljós að hann væri kynvilltur. Það væri alvarlegt mál. Áður fyrr hefði kynvilla verið glæpur og kynvillingar dæmdir til fangelsisvistar. Sem betur fer hefðu orðið miklar framfarir á þessu sviði, nú væri vitað að kynvilla væri sjúkdómur og verið væri að þróa aðferðir til lækningar í útlöndum. Það var eins og pabbi vorkenndi sér að eiga son sem svona var komið fyrir. Mér fannst það asnaleg og þótti enn vænna um Yngva eftir þetta samtal sem ég mun seint gleyma.

Yngvi lærði félagsráðgjöf í Kaupmannahöfn og starfaði lengst af á Bisbebjerg. Já, sama spítala og Brynjólfur. Þeir umgengust sama og ekkert. Yngvi hafði ekki áhuga á því. Ég veit ekki af hverju.

Við Óli heimsóttum Yngva oft til Kaupmannahafnar. Það voru dýrðartímar. Yngvi átti mikið af lífsglöðum vinum, var frábær kokkur, lagði mikið upp úr því að bera fallega á borð og var mesti leikhúsmáður sem ég hef kynnst. Hann dýrkaði danskar leikkonur á borð við Ghitu Nörby. Hann var á vinstri kantinum í pólitíkinni en samt mikill royalisti. Honum fannst reyndar Hinrik prins frekar heimskur og alls ekki samboðinn Margréti Þórhildi.

Yngvi átti einhverja kærasta, eins og gengur, en þegar hann var sirka

36 ára eignaðist hann vin sem hét Ib. Þeir voru ólíkir en drógust samt hvor að öðrum. Ég held að Ib hafi hrifist af því hversu vinmargur Yngvi var og hvað hann var hrifnæmur. Yngvi hreifist að því hvað Ib var nákvæmur og agaður, sem sagt danskur. Sambandið entist í tæplega 10 ár en þá batt Ib enda á það og var fljótlega kominn með nýjan kærasta. Einhvern sænskan vitleysing sem var í sértrúarsöfnuði, sagði Yngvi. Verra gat það ekki verið. Yngvi tók skilnaðinn mjög nærri sér, gerðist kvíðinn, örvæningarfullur og aðeins of drykkfelldur og skeytingarlaus um eigið líf og heilsu. Árið 1997 eða 98 greindist hann með HIV. Nákvæmlega það hafði hann óttast meira en allt í lífinu.

Hann óttaðist að vinnufélagar hans fréttu það og hann óttaðist að það fréttist til Íslands. Hann óttaðist að hann myndi einangrast og aldrei eignast kærasta aftur. Hann óttaðist skömmina. Hann óttaðist félagslega brennimerkingu. Sem betur fer þoldi hann ágætlega lyfin sem hann

þurfti að taka, þegar að því kom, en þau hjálpuðu honum ekki andlega. Hann var fastur í vítahring. Ástandið varð verra og verra. Drykkjuskapurinn jókst og hann tók sífellt stærri skammta af svefnlyfjum til að ná að sofa eitthvað. Hann var mjög tregur að leita sér aðstoðar en sjálfur hafði hann unnið við það alla ævi að aðstoða aðra. Hann fannst látinn á heimili sínu við Dueveij í Fredriksberg 27. október 2006. Dánarmeinið var blóðtappi sem orsakaði líklega af blæðandi magasári.

Það kom í minn hlut að ganga frá dánarbúinu ásamt Sigga vini hans. Ég var heila viku í íbúðinni hans að sortera og raða ofan í kassa og spilaði uppáhaldslagið hans „Send in the Clowns“ með Söruh Vaughan kvölds og morgna. Þegar Yngvi kom heim á kvöldin og var í stuði eftir að hafa farið út á lífið setti hann þetta lag á fóninn og skrífaði græjurnar í botn.

Hjálmar Sveinsson er borgarfulltrúi í Reykjavík

Norrænt samstarf

HIV Norden er samstarfsvettvangur HIV-jákvæðra á Norðurlöndum og hefur skrifstofu í Helsinki. Formaður sambandsins er Helle Andersen frá Danmörku. Varaformaður er Einar Þór Jónsson frá Íslandi.

Fundir eru haldnir tvisvar á ári (einn þeirra aðalfundur) þar sem rætt er um ástandið í hverju landi og reynt að móta sameiginlega stefnu.

Í september var fundur í Reykjavík. Haldnar voru vinnustofur um innleiðingu hraðgreiningarprófa.

Tveir fulltrúar sitja fundina frá hverju Norðurlandanna. Fulltrúar HIV Ísland eru Einar Þór Jónsson og Sigrún Grendal.

Áherslan í samstarfi HIV-Norden snýr að mannréttindum HIV jákvæðra, forvörnum og upplýsingum almennt út í samfélagið.



Akureyrarbær



KFC®



Alcoa



María Guðvarðardóttir sölustjóri hjá MAC á Íslandi, var svo almennileg að svara nokkrum spurningum um Viva Glam varalitina.



MAC Aids Fund er frumkvöðull í HIV/AIDS sjóðum, sem styrkja fjárhagslega við samtök sem vinna að ýmsum verkefnum.

Mikið hefur verið unnið með svæðum sem eru mjög fátæk og erfitt er að nálgast. Vöntunin er misjöfn og hafa styrkir farið í lyf, skólasókn, skólabækur, forvarnir og margt fleira.

Til dagsins í dag hefur safnast yfir \$400.000.000 eingöngu frá sölu Viva Glam varalita!

Hver er nýjasti Viva Glam varaliturinn og hver hefur gefið honum andlit?

Nýjast varaliturinn var gerður í samstarfi við söngkonuna SIA. Liturinn er heitur, fallega rauður varalitur með mattri áferð.

Hvað eru Viva Glam litirnir margir og hverjar eru á bak við þá?

Varalitirnir eru 6 talsins og heita Viva Glam I, II, III, IV, V og VI. Þeir artistar sem eru á bak við hvern lit eru:

I = RuPaul

II = KD Lang

III = Mary J Blige & Lil Kim

IV = Elton John, Mary J Blige & Shirley Manson

V = Christina Aguilera & Pamela Anderson

VI = Eve & Fergie



Artistar sem hafa einnig verið talsmenn fyrir limited addition litum eru:

Lady Gaga, Debbie Harry, Boy George, Cyndi Lauper, Nicki Minaj, Ricky Martin, Dita Von Teese, Rihanna, Miley Cyrus, Ariana Grande, Taraji P. Henson and núna Sia.

Hvaða litur er vinsælastur?

Þeir eru allir vinsælir og svolítið eftir árstíðum – Viva Glam I, IV og VI eru vinsælli á veturna og í kring um jól, II, III og V eru vinsælir allt árið, ég held að V eigi vinninginn samt.

Hvernig kynnir sölufólkið varalitina?

Við segjum viðskiptavinum okkar söguna um hvernig MAC Aids Fund varð til.

Frá 1994 hefur hvert einasta cent af söluvirði Viva Glam vör- unum farið í sjóðinn sem styður við konur, karla og börn sem eru greind með HIV/Alnæmi beint eða óbeint.

5. Eru einhverjir þekktir Íslendingar sem nota og elska Viva Glam litina?

Alveg pottþétt, viðskiptavinir MAC þekkja Viva Glam, við höfum talað mikið um litina í gegn um árin og fólk kemur til okkar til að kaupa þá í gjafir handa öðrum. Það er fallett!

ALNÆMIS- SJÓÐUR MAC

Alnæmissjóður MAC var

stofnaður árið 1994 af **Frank Angelo** og **Frank Toskan**, stofn- endum MAC Cosmetics. Sjóðurinn er hjartað og sálin í MAC. Tilgangur hans er að styðja karla, konur og börn um allan heim sem fengið hafa Hiv/alnæmi. Sjóðurinn styrkir einnig fræðslu- og forvarnarverkefni sem beinast að því fólki á hverjum stað sem er í mestri hættu að smitast af Hiv.

Alnæmissjóður MAC hefur

frumkvæðið að fræðslu og forvörn- um á svæðum sem hafa til þessa notið lítils stuðnings. Sjóðurinn styður mörg ólík samtök um allan heim, sem bjóða upp á margs konar þjónustu til þeirra sem eru Hiv-smit- aðir. Með þessu reynir hann að brúa bil fátæktar og sjálfsagðra mann- réttinda.

Styrktarsjóður MAC er þriðji

stærsti sjóður í heiminum sem leggur þessum málaflokki lið. Tveir stærstu sjóðirnir eru á vegum lyfja- fyrirtækja.

Allt söluandvirði **Viva Glam**

varalita og glossa rennur til sjóðs- ins. Hingað til hafa verið fram- leiddar sex tegundir varalita og tvær tegundir glossa. Hver ný **Viva Glam** herferð byggir á stuðningi frægra listamanna úr heimi tónlistar og annarra listagreina sem leika lykil- hlutverk í að fræða almenning um Hiv-smit og alnæmi.

.origo.

kemi
www.kemi.is



SÍÐAN 1994 HEFUR HVER
EINASTA KRÓNA AF SÖLU
VIVA GLAM VARALITUM OG
GLOSSUM FARIÐ Í AÐ HJÁLPA
KONUM, MÖNNUM OG
BÖRNUM SEM ÞJÁST BEINT
EÐA ÓBEINT AF VÖLDUM
HIV/AIDS.

MACCOSMETICS.COM/GLAM



GLEÐIGAN

Í annað sinn tók HIV Ísland þátt í gleðigöngum. Mikil litadýrð fylgdi fjölmönnum hópi félaga og vina.



IGAN 2018

ni og var það gert með gleði, pompi og prakt.

og öllum kom saman um að endurtaka leikinn að ári!

virðing og samstaða



kom | ráðgjöf
stofnað 1986



Alþjóðlega AIDS ráðstefnan 2018

Í sumar var alþjóðlega AIDS ráðstefnan haldin í 22. sinn og að þessu sinni í Amsterdam. Ráðstefnan er haldin annað hvert ár en síðast fór hún fram í Suður-Afríku.

Ráðstefnan var ótrúlega vel sótt, nú sem endranær. Meira en 16.000 manns sóttu ráðstefnuna og kom fólk frá rúmlega 160 löndum. Við Einar Þór vorum fulltrúar Íslands og nutum þess í botn að vera þarna innan um

allan þennan hóp aktivista, rannsakennda, HIV jákvæðra og fjölbreyttra baráttu hópa. Krafturinn og baráttuviljinn leyndi sér ekki.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „**Breaking Barriers Building Bridges**“

Fjöldinn allur af áhugaverðum erindum voru í boði og erfitt að velja hvað maður hlustaði á af hræðslu við að missa af einhverju enn betra.

Það setur ráðstefnuna óneitanlega á sérstakan stall að sjá hve mikið af þekktu fólki sækir hana heim og leggur krafta sína í að styrkja samtökin á sinn rausnalega hátt. Eins og svo oft áður voru þeir sir Elton John og prins Harry meðal þátttakenda ásamt Bill Clinton, Bill Gates, syni Nelsons Mandela og mörgu öðru mætu fólki.

Virkjum unga fólkið

Að þessu sinni var hlutverk og þátttaka ungs fólks veigameiri á ráðstefnunni og fengu þau veitta fleiri og veglegri styrki til sinna verkefna en áður. Ríkir eining um það viðhorf að sýnileiki og þátttaka unga fólksins í baráttunni við HIV sé grundvöllur að því að markmiðum sé náð.

Forvarnir-forvarnir-forvarnir

„Eitt gramm af forvörnum er sama og eitt kíló af árangri“ sagði háttsettur embættismaður hjá Alþjóðlegu heilbrigðisnefndinni, WHO. Mikilvægi forvarna var eitt af lykilviðfangsefnum ráðstefnunnar og nefndist eitt af opunarerindum hennar „Forvarnarbyltingin“.

Rannsóknir

Þær nýju rannsóknir sem gerðar hafa verið styðja enn frekar við niðurstöður eldri rannsókna sem sýna að sé HIV veiran ómælanleg þá er hún jafnframt ósmitandi. HIV jákvæðir á lyfjum með ómælanlega HIV veiru eru ósmitandi. Nýjar rannsóknir á PrEP (forvarnarlyfi gegn HIV) staðfesta enn frekar eldri niðurstöður varðandi það að vera örugg leið til að fyrirbyggja HIV smit.

Heilstæð þjónusta

Fram hefur komið að heilstæð meðferð sem miðar að því að meðhöndla HIV samhliða öðrum heilsutengdum vandamálum svo sem lyfrabólgu C, hypertension, sykursýki og þunglyndi skilar árangri bæði fyrr og betur en meðferð þar sem eingöngu er horft á eitt heilsuvandamál í einu. Kostnaður við heilstæða þjónustu hefur reynst mun lægri en ella. Eins og við vorum minnt á frá WHO „við höfum ekki hjálpað barni ef við meðhöndlum það við HIV en sprautum það ekki gegn mislingum.“

Markmiðin okkar – of langt í land. Það gengur of hægt að ná þeim markmiðum sem við settum okkur um fækkun HIV smita. Við þurfum að hafa hraðann á. Árið 2017 greindust tæplega 2 miljónir ný HIV tilfelli og árlega deyr um ein miljón manns af völdum HIV – algjörlega ástæðulaust. Í Austur Evrópu og Mið Asíu löndunum hefur HIV jákvæðum fjölgað um helming undanfarið á sama tíma sem fordómar eru þar hryllilegir og lögin óvægin jafnvel þó hægt sé að sýna fram á að smíthætta sé engin.

Þurfum meiri styrki

Því miður hefur dregið verulega úr styrkveitingum til baráttunnar við HIV. Nýjar tölur sýna að stórt bil er á milli þess fé sem fæst í styrkjum nú 2018 og þess sem talið er að þurfi til að ná settum markmiðum UNAID 2020. „The Trump effect“ hefur haft á stórkostlega neikvæð áhrif á fjárframlög til AIDS á heimsvísu.

Bjartsýn

Við horfum auðvitað bjartsýn fram á veginn og höldum áfram baráttu okkar við útbreiðslu HIV veirunnar. Við höfum þekkinguna og baráttuviljann en þurfum hjálp stjórnvalda og áhrifafólks um heim allan.

PS: Ekki væri verra að losna við þennan „Trump“

*Sigrún Grendal Magnúsdóttir,
formaður HIV-Ísland*



Fræðslu- og forvarnarverkefni

Stuðningur MAC og Lýðheilsu-sjóðs/Embættis landlæknis undanfarin ár hefur verið grundvöllur þess að HIV Ísland hefur tekist að halda úti fræðslu um HIV og alnæmi fyrir 9. og 10. bekklinga í grunnskólum landsins undanfarin 15 ár. Verkefni sem þetta er brýnt og þarf stöðugt að vinna að því. Markmið fræðslunnar er annars vegar að unglingar sýni sjálfum sér og öðrum fulla virðingu, bæði í kynlífsathöfnum sem og öðrum athöfnum. Hitt meginmarkmiðið er að vinna gegn fordómum, fordómum gegn ákveðnum sjúkdómum, fordómum sem byggjast á fáfræði. Fræðslan er skólunum að kostnaðarlausu. Félagið hefur auk skólafræðslunnar getað staðið fyrir fræðsluerindum um HIV við deildir Háskólans, fangelsi, meðferðastofnanir og fjölda fyrirtækja. Framlag MAC á Íslandi hefur verið eyrnamerkt fræðsluverkefni HIV Ísland. Alltaf koma nýir nemendur sem betur fer, því þarf stöðug



skipulögð fræðsla að eiga sér stað. Síðustu yfirferð lauk vorið 2016.

Einar Þór Jónsson lýðheilsu- og kennslufræðingur er skipuleggjandi þessa verkefnis.

Bankareikningur fyrir verkefnið er á nafni HIV Íslands.

**Reikningsnúmer: 513-26-603485.
Kt.: 541288-1129.**

BORGUN



Alþýðusamband Íslands



SKYNJAÐU NÁNDINA

SKYN
FEEL EVERYTHING™
ORIGINAL
Natural feeling

SKYN
FEEL EVERYTHING™
EXTRA LUBE
Maximum comfort

SKYN



Bryndís Sigurðardóttir ræðir við Læknablaðið um forvarnarlyf gegn HIV á skrifstofu sinni í turninum á Fossvogi, sem frá miðju sumri hefur staðið samkynhneigðum mönnum til boða. Myndir/gag

Tugir karla komnir á forvarnarlyf gegn HIV

viðtal við Bryndísi Sigurðardóttur smitsjúkdómalækni

Eftir Gunnhildi Örne Gunnarsdóttur, birt með leyfi Læknablaðsins

Á sjöunda tug karlmanna hefur á fáum vikum farið í gegnum áhættumat á Landspítala og fengið forvarnarlyf gegn HIV í hendur. Bryndís Sigurðardóttir smitsjúkdómalæknir telur að þeir verði allt að 80 talsins innan skamms og jafnvægi verði náð. Yfirvöld hófu nú í sumar að greiða að fullu fyrir samheitalyf Truvada til að fyrirbyggja ný HIV-smit meðal karla sem stunda kynlíf sín á milli. Einungis örfáir hafa ekki uppfyllt skilyrði fyrir lyfjunum. Rétt tæplega 30 einstaklingar hafa bæst í hóp þeirra með HIV það sem af er ári og þykir mikið. HIV-smitum fækkar á heimsvísu, á sama tíma og þeim fjölga hjá karlmönnum sem sofa hjá öðrum körlum. Bryndís segir að HIV sé þeim raunveruleg ógn.

„Eftirspurnin er nokkuð meiri en við reiknuðum með,“ segir Bryndís.

„Við gerðum ráð fyrir 30-50. Við ráðfærðum okkur við HIV-samtökin sem töldu líklegt að talan yrði um 70. Nú höfum við skimað 64 og símtölum sem voru mörg helstu sumarleyfismánuðina fækkar,“ segir Bryndís. Í ljós komi hverjir haldi áfram lyfjameðferðinni.

„Sumum hentar ekki að taka lyf á hverjum degi. Sumir fara í fast samband og þetta er ekki ætlað fyrir þá. Ekki einu sinni fyrir þann sem er með HIV-smituðum sem er á lyfjum og mælist með 0 í veirumagni.“

Ríkið greiðir um 66.000 kr fyrir

Sumir taka lyfið eftir þörfum

Bryndís Sigurðardóttir smitsjúkdómalæknir segir að þótt mælt sé með því hér á landi að menn taki PrEP lyfið emtricitabine/tenofovir daglega gegn HIV-smiti sé einnig hægt að nota það eftir þörfum, eða svokallað PrEP ON-Demand.

„Talað er um „Event-based PrEP“. Margir hitta mig á göngunum og spyrja um það. Margir í Evrópu og Bandaríkjunum nota lyfið þannig til að spara töflur. Það hentar þeim sem eru skipulagðir í kynlífi sínu eða djamma tímabundið og stunda svo ekki kynlíf í marga mánuði. Þá tekur sá tvær töflur innan sólarhrings frá óvörðu kynlífi og svo eina töflu á dag í tvo daga eftir að hætt er að stunda kynlíf.“

Bryndís segir þessa notkun lyfsins samþykkt í Evrópu en ekki Bandaríkjunum.

hvern mánaðarskammt af samheitalyfinu Trueda sem kallast emtricitabine/tenofovir. Miðað við þær forsendur kostar þetta hátt í 800.000 krónum á ári fyrir hvern og einn, en mönnum er ekki ætlað að vera á lyfinu árum saman.

„Þetta er hagstæðara en að vera með einstakling, allt frá tvítugu, í um 200.000 króna lyfjameðferð á mánuði alla ævi vegna HIV. Mín tilfinning er sú að ef ég kem í veg fyrir eitt til tvö smit á ári sé tilgangi okkar náð. Ég er mjög hlynnt lyfi í forvarnarskyni gegn HIV,“ segir Bryndís sem væntir þess að lyfið verði ódýrara með fleiri útboðum.

Áhættumatið fyrir lyfjatökuna víðtækt

Áhættumatið sem einstaklingarnir ganga í gegnum byggist á því að skoða hvort þeir séu í neyslu á örvandi efnum; eða metamfetamíni þegar þeir stunda kynlíf, stundi endaparmsmök án smokka með einstaklingum með eða í áhættuhópi HIV eða séu á æskilegum aldri til að taka lyfið í forvarnarskyni gegn HIV.

Tekin eru HIV-próf, lifrabólgu A, B og C og athugað hvort þeir séu bólusettir fyrir A og B. Skimað er fyrir klamydíu, lekanda og sárásótt með endaparmsstrokum. Tekin eru PCR-sýni og kreatín mælt sem eru nýrnagildi. Það er gert til að ganga úr skugga um að þeir hafi ekki undirliggjandi nýrnasjúkdóm því tenofovir-hluti lyfsins getur haft áhrif á það.

Bergþóra Karlsdóttir og Anna Tómasdóttir hjúkrunarfræðingar á HIV-deildinni sjá um áhættumat og skimanir. „Skilyrðin eru að vera HIV-neikvæður í upphafi vegna þess að þessi lyfjameðferð er ekki full meðhöndlun á HIV heldur hlutameðhöndlun,“ segir Bryndís Sigurðardóttir smit-sjúkdómalæknir.



Bryndís segir til mikils unnið að afstýra því að samkynhneigðir menn fái HIV. Tveir sem hugðust ætla að fá PrEP hafi þegar greinst jákvæðir. Mynd/gag

„Nú þegar hafa tveir ungir menn sem hugðust fara þessa leið greinst með HIV-smit. HIV er raunveruleg ógn við þennan hóp.“

Spurð um andstöðu segist hún ekki hafa orðið vör við hana opinberlega hér á landi. En í aðdraganda þess að Bandaríkjamenn hófu fyrstir að nota þetta lyf í forvarnarskyni árið 2012 hafi heyrst að læknað öttuðust að menn hættu að nota smokka og sem kynni að leiða til kynsjúkdómafaraldurs.

„Viðhorf þeirra sem óttast óábyrga hegðun manna sem nota forvarnarylf gegn HIV-smiti minna á margan

hátt á hræðsluáróður gegn pillunni hér á landi á sjöunda áratugnum,“ segir Bryndís. Ekki sé hægt að ætla að áhættuhegðun aukist vegna lyfja-inntökunnar. „Við munum skima fyrir kynsjúkdómum og HIV á þriggja mánaða fresti og því má gera ráð fyrir að kynsjúkdómum fækki í þessum hópi. Þannig að ef þeir eru með kynsjúkdóm fá þeir meðferð. Ég get læknað sárásótt, lekanda og klamydíu en ég get ekki læknað HIV,“ leggur Bryndís áherslu á.

„Við breytum ekki kynlífshegðun svo auðveldlega og verðum því að haga málum í samræmi við það hvernig hún er,“ segir hún.

VIÐ ÞÖKKUM STUÐNINGINN

Reykjavík

A. Margeirsson ehf
Aðalvík ehf
Apparat ehf
Arctica Finance hf
Arev verðbréfafyrirtæki hf
ARGOS ehf-Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkís arkitektar ehf
ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Aurum
Álfabjarg, garða- og lóðabjónustan
Álnabær ehf, verslun
Áltak ehf
ÁM-ferðir ehf
Árbæjarapótek ehf
Ásdis Sigurðardóttir
ÁTVR Vínbúðir
B. Ingvarsson ehf
Bakaramaistarinn ehf
Bakkus ehf
Barnalæknabjónustan ehf
Bergsson mathús
Bílamálun Sigursveins Sigurðs-sonar
Bílasmiðurinn hf
Bjarnar ehf
Blaðamannafélag Íslands
Bor ehf
Bólstrarinn ehf
Brúskur hársnyrtistofa,
s: 587 7900
Brynja, Hússjóður Öryrkjabanda-lagsins
BSRB
Danica sjávarafurðir ehf
Drífa efnalaug og þvottahús
Dýralæknastofa Reykjavíkur hf
E.T. hf
Efling stéttarfélag
Fasteignasalan Miklaborg
Ferðaskrifstofan Norræna-Smyril
Line Ísland
Félag einstæðra foreldra
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Fold-fasteignasala ehf
Fríkirkjan í Reykjavík
Fylgifyiskar ehf
Garðs Apótek
Gáski sjúkrahjálfun ehf
Gilbert úrsmiður-
www.jswatch.com
Gjögur hf
Glæraugnaverslunin Glæsibæ ehf
Gnýr ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Hamborgarabúlla Tómasar
Henson sports
Herrafataverslun Birgis ehf
Hjá Guðjón Ó ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Óðinsvé
HS smíðar ehf
Húsalaugnir ehf

Höfðakaffi ehf
Innlifun ehf
Innnes ehf
J. S. Gunnarsson hf
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kringlukráin
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Láshúsið ehf
Le Bistro - franskur bistro & vínbar
Lögreglufélag Reykjavíkur
Lögreglustjórnin á höfuðborgar-svæðinu
Löndun ehf
Matthías ehf
Málaramaistarar ehf
Meba- úr og skart
Mennta- og menningarmálaráðu-neytið
Móðir Náttúra ehf
N 32 ehf
Nínukot ehf - Vinna um víða veröld
Nýi öskuskólinn ehf
Nýja bílahöllin ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ósal ehf
Parket og gólf
Páll V Einarsson slf
Pixel ehf
Pósturinn
PricewaterhouseCoopers ehf
Rafsvið sf
Rannsókn- og háskólanet Íslands
Rannsóknarbjónustan Sýni ehf
Rarik ohf
Reki ehf
Renniverkstæði Ægis ehf
Reykjavíkur Apótek
Reykjavíkurborg
Röntgen Domus Medica
Samiðn, samband iðnfélaga
Samtök starfsmanna fjármála-fyrirtækja-SSF
Seðlabanki Íslands
SÍBS
Sjúkraþjálfunarstöðin ehf
Skóverslunin Bianco Footwear
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Snerruútgáfan ehf
Stansverk ehf
Starfsmannafélag Reykjavíkur
Suzuki bílar hf
Sægreifinn, Verbúð 8
Sævar Birgisson
Söngskólinn í Reykjavík
Takk hreinlæti ehf
Tannval Kristínar Gígu
Tapas Barinn
Tark - Arkitektar
THG Arkitektar ehf
Timberland, Kringlunni
Umslag ehf
Úðafoss sf, efnalaug

Útfaraþjónusta Rúnars
Geirmundssonar
VA arkitektar ehf
Vals tómatsósa ehf
VDO ehf
Verkfræðistofan Víðsjá ehf
Verslunarskóli Íslands
Verslunartækni ehf
Vélvík ehf
Við og Við sf
VOOT Beita
Wurth á Íslandi ehf
Öskuskólinn í Mjódd ehf
Ölstofa Kormáks og Skjaldar ehf
Örninn - hjól

Seltjarnarnes

Falleg gólf-parketþjónusta frá 1984
Horn í horn ehf, parketlagir

Vogar

Sveitarfélagið Vogar

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf
Ásborg slf
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Bílaklæðningar hf
Blikksmiðjan Vík ehf
BSA varahlutir ehf
Delila og Samson sf
dk hugbúnaður ehf-www.dk.is
goddi.is
HG Endurskoðun og Ráðgjöf ehf
Hótel Kriúnes
Íspan ehf, gler og speglar
JS-hús ehf
Kambur ehf
Kraftvélur ehf
Landmótun sf
Loft og raftæki ehf
Lögmennsstofa Guðmundar Þórðarsonar
Mannrækt og menntun ehf
Rafmiðlun hf
Rafport ehf
Rakarastofan Herramenn
S.P. verktakar ehf
Samhjálp, félagasamtök
Slot ehf
Tengi ehf
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf
Ungmennafélagið Breiðablik

Gardabær

Gardabær
Geislataekni ehf - Laser þjónustan
Gólfþjónusta Íslands ehf
H.Filipsson sf
Hannes Arnórsson ehf
Hjallastefnan ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Læknatorg sf
Marás vélur ehf
Samhentir

Spöng ehf
Úranus ehf
Val - Ás ehf
Vélsmiðja Þorgeirs ehf
Öryggisgirdingar ehf

Hafnarfjörður

AC-Raf ehf
Aðalskoðun hf
Betri Bygging ehf
Bílasprautun Íslands ehf
Bortækni ehf
Efnamóttakan hf
Eldvarnarþjónustan ehf
EÓ-Tréverk sf
Gunnars mæjónes ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hákon Bjarnason ehf
Heimir og Jens ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Hvalur hf
Krýsuvíkurskóli
Lína Lokkafína, hárgreiðslustofa
Norri ehf
RB rúm
Stólpi Gámar
Strendingur ehf
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf
ThorShip
Umbúðamiðlun ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkvík-Sandtak ehf
Vélsmiðjan Áltak ehf
Viðir og Alda ehf

Álftanes

GO múrverk ehf

Reykjanesbær

Allt Hreint ræstingar ehf
Bílnet, bílaréttingar og sprautun
DMM Lausnir ehf
M² Fasteignasala & Leigumiðlun
Nesraf ehf
Plastgerð Suðurnesja ehf
Pulsuvagninn í Keflavík
Reiknistofa fiskmarkaða hf
Rett sprautun ehf
Rörlagningamaðurinn ehf
Skólamatúr ehf
Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík

Lagnaþjónusta Þorsteins ehf
Northern Light Inn
Stjörnuþískur ehf

Gardur

Lighthouse-innhotel

Mosfellsbær

Fagverk verktakar sf
Mosfellsbakari
Múr og meira ehf
Nonni litli ehf

SVONA FÓLK

Ný mynd og þáttaröð - frumsýnd í Bío Paradís í lok nóvember

Um þessar mundir er Hrafnhildur Gunnarsdóttir að leggja síðustu hönd á heimildakvikmynd sína, *Svona fólk* sem verður sýnd í Bío Paradís og síðar í vetur á RÚV. Þættirnir verða fimm en fyrrihluti heimildamyndarinnar sem verður sýndur í Bío Paradís er um 90 mínútur.

Svona fólk fjallar um líf og reynslu homma og lesbía á Íslandi og spannar frásögnin fjóra áratugi, allt frá því að fyrsti vísir að hreyfingu þeirra kviknaði um miðjan áttunda áratuginn og þar til mikilvægar réttarbætur til handa samkynhneigðum voru í höfn á nýrri öld. Í fyrsta þættinum er sjónum beint að þöggun, þögn og niðurlægingu fyrri ára, síðan segir frá fyrstu árum Samtakanna '78 og baráttu frumherjanna, þá er fjallað um alnæmi og þá þjáningu sem sjúkdómurinn kallaði yfir samfélag samkynhneigðra og í fjórða þættinum segir frá baráttunni fyrir réttlátri löggjöf, einkum á sviði fjölskylduréttar. Loks eru þræðir dregnir saman í fimmta og lokapættinum og litið yfir sviðið.

Öðrum þræði er hér rakin saga kynferðispólitískrar hreyfingar, en umfram allt miðlar kvikmynd Hrafnhildar reynslu hvunndagsfólks sem tókst á við ríkjandi kerfi, fordóma og skilningsleysi, og lagði marga í

sölurnar í von um að fá að lifa í friði og sátt við eigin þjóð án þess að fara með veggjum og leyna dýrmætum tilfinningum. Kvikmyndin er byggð á miklu og fjölbreyttu safni heimilda og um fjörutíu heimildarmenn tjá sig í þættinum um atburði þessara ára.

Hrafnhildur er sjálf þátttakandi í þessari sögu. Hún kom ung úr skápnunum heima í Reykjavík, hélt um tvítugt til náms í San Francisco sem þá stóð í miðju alnæmisfári og varð fyrir sterkum áhrifum af þjóðfélagsátökum þessara ára vestan hafs. Meðal annars kom hún að gerð kvikmynda sem fjölluðu um líf og reynslu samkynhneigðra í skugga alnæmis. Þegar hún dvaldi um skeið heima á Íslandi upp úr 1990 hafði hún tök á að skoða og íhuga stöðu samkynhneigðra vana og félaga hér á landi í ljósi sinnar alþjóðlegrar reynslu.

„Ég held að það hafi eitthvað brotnað innra með þeirri kynslóð sem upplifði hörmungar og fordóma alnæmisáranna sem ég kalla svo,“ segir Hrafnhildur. „Nú var svo komið að hópnum var skítsama um almenningsálitið, allt var betra en að sitja og hafast ekki að. Baráttan gegn alnæmi og fyrir borgaralegum fjölskylduréttindum var leið hópsins til að vinna úr þessum áföllum og það var einmitt þjáning þessara ára

sem að plægði jarðveginn fyrir þær stórkostlegu breytingar sem smám saman urðu í íslensku samfélagi.“

Og Hrafnhildur heldur áfram: „Á næstu árum safnaði ég viðtölum og myndefni af öllum þeim viðburðum og upþákomum sem tengdust lífi og reynslu lesbía og homma á Íslandi. Ég ákvað að leggja mitt af mörkum til að skrá söguna og það að mega horfa á landið mitt með augum gestsins auðveldaði mér þetta verkefni. Markmið mitt með þessu verki er öðrum þærði að varðveita sögu um einstæða mannréttindabaráttu í lifandi mynd því að fljótt fennir í sporin. Ég vildi líka minna á að hægt er að vinna bug á fordómum og ofsóknum með skipulegum og uppbyggilegum hætti. Það sýndi sig að það borgaði sig að berjast þótt sá hópur sem ég var hluti af og lagði af stað í þessa baráttu grunaði síst upp úr 1980 að við ættum eftir að lifa þjóðfélagsbreytingar sem jöðruðu við byltingu og breyta ásjón Íslands í hópi þjóðanna,“ segir Hrafnhildur að lokum.

Rauði borðinn óskar Hrafnhildi og öllum þeim sem koma að gerð þessarar merku kvikmyndar til hamingju með áfangann og hvetur lesendur sína til að fylgjast með síðar í vetur þegar *Svona fólk*, fyrsti þáttur, fer í loftið.

Líf og fjör í læknadeild

viðtal við Hugrúnu Ríkarðsdóttur smitsjúkdómalækni

Ég heiti Sigríður Hugrún Ríkarðsdóttir en ég þekki ekki Sigríði. Þannig hófst viðtalið sem ég tók við hana Hugrúnu lækni sem ég kynntist fyrir tæpum 30 árum og gekk í gegnum súrt og sætt með eins og ég sagði sjálfur frá í viðtali sem var tekið við mig í Rauða borðanum fyrir ári. Hugrún sem hefur starfað sem smitsjúkdómalæknir á Borgarspítalanum tók vel í það þegar við í ritnefnd Rauða borðans fórum þess á leit við hana að spjalla við okkur.

Vignir: Hvað varð til þess að þú ákvaðst að fara í læknánám?

Hugrún: Ég þori varla að segja það. Það var þáttur í sjónvarpinu sem hét Líf og fjör í læknadeild sem mér fannst svo skemmtilegur að ég hugsaði með mér að þetta ætlaði ég

að gera, og ég gerði það. Í upphafi ætlaði ég að verða krabbameinslæknir. Þegar ég kom út til Ameríku í sérnám þá var fyrsti sjúklingurinn sem ég legg þar inn karlmaður sem hafði greinst með sortuæxli. Hann átti skammt eftir ólífað þar sem lifrin og heilinn voru full af meinvörpum. Mér fannst þetta erfitt og ákvað að þetta gæti ég ekki. Í framhaldinu ákvað ég að fara í einhverja sérgrein þar sem ég gæti læknað sjúklingana. Það voru smitsjúkdómar. Þú læknaðir alla sjúklinga sem voru smitaðir. Þeir fengu sín sýklalyf og svo var þetta fljótlega yfirstaðið. Síðan kemur HIV til sögunnar og þá kynntist maður sjúklingunum yfir lengri tíma og hitti þá oft á ári. Maður myndaði í rauninni sérstakt samband við þessa sjúklinga þar sem allt var rétt. Maður varð eins konar heimilislæknir þeirra.

Strax í upphafi ákveð ég að gefa HIV sjúklingunum greiðan aðgang að þjónustu minni og hvatti þá til að hringja í mig ef eitthvað kæmi upp á sama á hvaða tíma sólarhrings það væri. Ég gat ekki hugsað mér að þeir næðu aldrei í lækinn sinn eins og gerist stundum.

Vignir: Hvernig voru svo árin í Bandaríkjunum, hvað varstu lengi þar og hvenær flytur þú svo heim aftur til Íslands?

Hugrún: Það var gott að búa í Ameríku. Ég var þar í 6 ár í Madison Wisconsin. Meðan ég tók grunnnámið mitt sem voru lyflækningar var ég svo heppin að ég fékk að vera þar áfram í svokölluðu fellowship eða undirsérgrein sem voru þá smitsjúkdómar. Þannig tók ég bæði lyflækningar og smitsjúkdóma og flutti svo heim til Íslands 1992.

Vignir: Hvernig var svo að koma heim eftir 6 ár í Bandaríkjunum?

Hugrún: Það var svolítið skrítið vegna þess að þegar ég var úti þá greindist ég með sjúkdóminn MS. Ég var búin að hugsa mér að setjast að í Bandaríkjunum og var búin að fá tvær stöður þar. Þá kom í ljós að ég hafði ekki heilbrigðistryggingu og því varð ég að fara heim. Ég ætlaði að setjast að í Bandaríkjunum ásamt barnsföður mínum sem er Indverji og heila- og taugaskurðlæknir en ég sé ekki eftir því að hafa flutt aftur heim.

Vignir: Nú eru samtökin HIV Ísland að halda upp á 30 ára afmæli sitt. Mig langar til þess að spyrja þig hvað hefur breyst varðandi HIV á Íslandi þessi 30 ár?

Hugrún: Það breyttist töluvert með tilkomu lyfjanna. Í upphafi sáum



Mynd: Robert Gaska

við á eftir mörgum sem létust úr alnæmi. En svo komu lyfin sem breyttu í raun og veru lífi þeirra sem voru smitaðir. Nú er þetta langvarandi sjúkdómur sem við getum haldið niðri og það er búið að koma í veg fyrir að fólk smiti. Ef þú ert á lyfjum og þú ert vírusfrír þá smitar þú ekki annan einstakling. Þannig að þetta er mjög stórt skref. Í upphafi var maður t.d. alltaf að mæla hjálparfrumur og ef þær voru undir ákveðnu viðmiði þá þurfti sjúklingurinn að fara í ákveðna fyrirbyggjandi meðferð gegn lungnabólgu. Hann þurfti að mæta upp á spítala og fá innöndunarlyf til að halda slíku í skefjum eða til að koma í veg fyrir það. Það var svo miklu meira mál hér í upphafi að vera með HIV. Sumir skömmuðust sín mikið fyrir að hafa greinst með HIV og vildu ekki að nokkur vissi af því. En fólk þarf að geta horft framan í örlög sín og sjúkdóm.

Vignir: Ég man eftir þessum feluleik. Eins og t.d. þegar ég fór í blóðprufur þá voru pappírarnir ekki merktir með mínu nafni heldur IO eða öðrum bókstaf í fornafninu og öðrum bókstafnum í eftirnafninu mínu og fyrir vikið vakti maður enn meiri athygli þegar kallað var á mann á biðstofunni í blóðprufu.

Hugrún: Ég held að það hafi ekki verið rétt að þessu staðið. Það hefði strax í upphafi átt að hætta öllum feluleik.

Vignir: Fordómar er eitthvað sem loðir ennþá við HIV.

Hugrún: Fordómar eru ennþá til staðar. Ég hef aldrei skilið það í rauninni vegna þess að þú getur fengið kvef hvenær sem er og þú skammast þín ekkert fyrir það og heldur ekki frá hverjum þú fékkst það. Þeir sem smitast af HIV eru ekki að gera neitt annað en það sem er ósköp eðlilegur hlutur og þú smitast. Þannig að mér fannst þessi feluleikur ósköp asnalegur.

Vignir: Hvernig tæklum við fordómana og hvernig losum við okkur við þá?



Mynd: Robert Gaska

” Sumir skömmuðust sín mikið fyrir að hafa greinst með HIV og vildu ekki að nokkur vissi af því. En fólk þarf að geta horft framan í örlög sín og sjúkdóm.

Hugrún: Fáfræðin um HIV var óskaplega mikil. Margir héldu að ég myndi smitast ef ég tók í hendina á HIV jákvæðu fólki eða tók utan um það. Við eigum að fræða fólk eins og við mögulega getum um það hvernig þú getur smitast. Fólk þarf að líta á mannshjón sem mannshjón en ekki sem einhvern hættulegan einstakling. Ef allir væru góðir við hvorn annan og við sýndum kurteisi, umhyggju og létum okkur annt um fólk þá væri lífið svo miklu miklu betra. En það er svo margt sem afvegaleiðir fólk og ég held að fáfræðin sé verst.

Vignir: Hvað var það sem þér þótti mest krefjandi við starfið sem smit-

sjúkdómalæknir og í baráttunni við HIV?

Hugrún: Þetta var erfiðast í upphafi þegar maður hafði engin lyf og ekkert hægt að gera nema bjóða fram nærveru sína og sýna umhyggju. Það var ekki meira sem þú gast gert og það var erfið.

Vignir: Svo komu lyfin 1997.

Hugrún: Sjúklingar fóru að taka lyf og lífið fór að blómstra. Það var stórkostlegt. Það var ótrúlegt að fylgjast með hve hratt ónæmiskerfið tók við sér.

Vignir: Hvað heldurðu að framtíðin beri í skauti sér þegar kemur að HIV málum?

Hugrún: Það eru margir sem binda vonir við bólusetningar. En ég held ekki að það verði. Ég spyr sjálfa mig hvern eigum við að bólusetja? Eigum við að bólusetja alla? Eigum við að bólusetja þá sem vita að þeir

eru útsettir? Ef við prófum alla og ef fólk fæst til að fara í prufur þá eigum við að geta stöðvað útbreiðslu HIV. Í Afríku er t.d. ekkert heilbrigðiskerfi nema fyrir þá sem eru efnaðir. Það er svo gífurlegur fjöldi sem býr í Afríku og Asíu sem við ekki náum til. Ég held að það verði mjög erfitt að útrýma þessum sjúkdómi ef það verður nokkurn tímann hægt. Ég tel mig vera raunsæja.

Vignir: Hvað með PrEPP sem nú er búið að samþykkja hér á Íslandi?

Hugrún: Prepp er náttúrulega gott. Ef þú ert að taka HIV lyfin og ert vírusfrír þá smitarðu ekki. Þannig að hver er það sem á að fá PrEPP? Er það einhver sem ætlar að sofa hjá

HIV smituðum einstaklingi sem við vitum af og er ekki á meðferð? Ég held að fræðsla og aftur fræðsla sé eitthvað sem við verðum að halda áfram að leggja áherslu á.

Vignir: Að lokum, nú hefur þú tengst fólki, sjúklingum sem þú hefur fylgt lengi og hitt reglulega.

Hugrún: Ég sé svolítið eftir sjúklingunum mínum. Menn og konur sem ég mun alltaf tengjast. Ég passa mig samt alltaf á því að þegar ég hitti sjúklinga þá heilsa ég ekki að fyrri bragði vegna þess að þetta er oft viðkvæmt mál fyrir einstaklingana. Ég man sérstaklega eftir einum sjúklingi, sem kom upp á göngudeild, sem tók niður

gleraugun vegna þess að ef einhver vissi að hann væri að koma til að hitta mig þá myndi fólk leggja saman tvo og tvo og fá út fjóra. Það tók langan tíma að fá hann á mitt band og sannfæra hann um að ég væri að fá alls konar sjúklinga ekki bara HIV jákvæða. Hann hafði í raun meiri fordóma heldur en aðrir í kringum hann. Að lokum vil ég bara segja að það hefur verið mjög gefandi að hugsa um og vinna með HIV smitaða einstaklinga. Og ég vona að þeir einstaklingar skynji að ég hef ekki fordóma og að ég reyni hvað ég get til að uppræta þá þar sem ég kem.

Vignir Ljósálfur

MINNINGAR- OG ÞAKKARSTUND

Árleg minningarguðsþjónusta vegna þeirra sem látist hafa úr alnæmi hér á landi var að þessu sinni haldin, sunnudaginn 27. maí síðastliðin. Kveikt var á kertum til að minnast þeirra er látist hafa, einu kerti fyrir hvern einstakling sem við minnumst. Minningarstund þessi er alþjóðleg og heitir á ensku Candlelight Memorial Day.

Að vanda fór athöfnin fram í Fríkirkjunni í Reykjavík. Sr. Hjörtur Magni Jóhannesson, leiddi guðsþjónustuna. Formaður HIV Ísland, Sigrún Grendal, flutti ávarp og Hrannar Jónsson, formaður Gedhjálpar fór með hugleiðingu. Ritningarlestur var í höndum félagsmanna.

Margrét J Pálmadóttir mætti með sína fögru söngfugla og söngkonan Berglind Björk Jónasdóttir flutti nokkur lög. Organisti í athöfninni var Gunnar Gunnarsson. Baba og félagar fluttu magnaða trommutónlist og að vanda var boðið upp á veitingar í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar að lokinni messu.

Minningarstundin okkar hefur þróast í að verða notaleg samverustund fyrir alla fjölskylduna þar sem ungir og gamlir geta notið hlýlegs andrúmslofts og fráberrar tónlistar. Auk þess að minnast þeirra sem látnir eru fögnum við lífinu og þeim

tækifærum sem HIV jákvæðir hafa til eðlilegs lífs í dag.

Vill stjórn HIV Ísland þakka öllum þeim sem komu og nutu þessarar stundar með félagsfólki.



Minning:

PERCY B. STEFÁNSSON

Fæddur 13. september 1947 í Stokkhólmi – Dáinn 14. apríl 2018 í Reykjavík

Félags- og stjórnarmaður í HIV Ísland til fjölda ára

Ég vil í fáeinum orðum minnst góðs vinar.

Kynni mín af Percy hófust á erfiðum tímum í lífi okkar beggja. Alnæmisfaraldurinn var yfirvofandi í litlu samfélagi okkar hommanna hér uppi á Íslandi. Við sem greinst höfðum HIV jákvæðir fórum fljótlega að leita skjóls hvor hjá öðrum. Jákvæði hópurninn var stofnaður en þar gat fólk komið saman til að átta sig á hvað þetta þýddi, hvert leiðin lægji, hvað var til ráða í stöðunni og ekki síst til að vera til staðar fyrir hvert annað.

Percy hafði ætíð látið sig samfélagsleg mál varða. Hann nýtti krafta sína bæði í baráttumálefnum samkynhneigðra og HIV jákvæðra. Hann var ósérhlífinn og ráðagóður og var ávallt til staðar fyrir þau okkar sem leituðu ráða hans mis brotinn og buguð.

Hann var einn af stofnendum VG, hann hélt úti stjórnmálaumræðu á bloggsvæði sínu á mbl.is undir nafninu Percival en þar má enn rýna í öll hans hjartans hugðarefni. Hann vann ýmiss störf um ævina en ég vil meina að hann hafi notið sín einna best í ráðgjafastörfum sem hann sinnti síðustu misserin. Hann hafði gott lag á því að vinna með



” Báðir vorum við vængbrotnir á stundum, þá er lífið og tilveran tók okkur föstum tökum og skók.

fólki á persónulegan hátt og var skjótur að ávinna sér traust þeirra.

Hann hafði gott innsæi, var athugull og beitti virkri hlustun í samskiptum við samferðafólk sitt og var fljótur að koma auga á kjarna málsins. Á sama tíma eftir því sem á leið á vináttu okkar þá varð ég þess var að hann var spar á eiginn líðann og hélt hugarangri sínu til hlés.

Hann kunni að gefa af sér en átti erfitt með að þiggja.

Meðan ég skrifa þessar hugleiðingar velti ég því fyrir mér hversu vel ég í raun þekkti Percy þrátt fyrir áratuga vináttu?

Hann var margræður og margbrottinn persónuleiki. Kannski var það einmitt það sem var svo áhugavert við hann? Hversu mikið þekkjum við í raun hvert annað? Nú eða sjálf okkur yfirleitt?

Það er þó óumdeilt að hann hafði hlýja og stóíska nærveru sem fólk leitaði í.

En að þessum hugrenningum slepptum þá áttum við Percy oft góðar og skemmtilegar stundir saman. Utanlandsferðir, mótumæli á Austurvelli, kaffihúshittingar, innihaldsríkar samræður um lífið og tilveruna og háskaferð að vetri til með Herjólfu til Vestmannaeyja svo fátt eitt sé nefnt.

Það kom þó fyrir að fley okkar steyttu á skeri eins og gengur og gerist í vináttusamböndum í langvarandi nánd.

Báðir vorum við vængbrotnir á stundum, þá er lífið og tilveran tók okkur föstum tökum og skók. Andleg heilsa okkar var á köflum eins og rispuð plata sem hjakkar í sama farinu þrátt fyrir áratuga sjálfsvinnu hvor okkar.

Sáttin og samkenndin var þó aldrei langt undan og við söngluðum í kór „Við stefnum að framförum en ekki fullkomun“ og enn lifir í glæðunum. Ljóstýra sem kviknar þegar góð vináttubönd verða til sloknar aldrei.

Gagnkvæm væntumþyggja var uppgjöfinni ávallt yfirsterkari.

Ég er afar þakklátur fyrir þann tíma sem við fengum að vera samferða.

Hvíl í friði elsku vinur Donni



VIÐ ÞÖKKUM STUÐNINGINN

Akranes

Bílver, bílaverkstæði ehf
Sílfursmári ehf
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf

Borgarnes

Blómasetrið - Kaffikyrrið
Háskólinn á Bifröst
Kaupfélag Borgfirðinga
Límtré Vínnet ehf.
Skorradalshreppur

Stykkishólmur

Ásklif ehf
Þórsnes ehf

Grundarfjörður

Krums ehf

Ólafsvík

Fiskverkunin Valafell
Littalón ehf

Snæfellsbær

Búðakirkja

Hellissandur

Esjar ehf
Snæfellsbær

Reykholahreppur

Þörungaverksmiðjan hf

Ísafjörður

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
GG málningarþjónusta ehf
Hamraborg ehf
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Orkubú Vestfjarða ohf
Skiptabækur ehf
Verkstjórafélag Vestfjarða

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður

Hólmavík

Strandabyggð

Árneshreppur

Árneshreppur-
www.arneshreppur.is

Hvammstangi

Aðaltak slf
Húnaþing vestra

Blönduós

Húnavatnshreppur
Léttitækni ehf
Stéttarfélagið Samstaða
Sveitabakari sf
Vilko ehf

Sauðárkrúkur

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Héraðsbókasafn Skagfirðinga
Safnahúsinu
Sjúkrabjálfun Sigurveigar ehf
Verslun Haraldar Júlíussonar
Vöruniðlun ehf

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

Siglufjörður

Fjallabyggð
Primex ehf

Akureyri

Ásco ehf, bílarafragn
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði
Blikk- og tækniþjónustan ehf
Enor ehf
Framtal sf
Gróðrarstöðin Rettarhóll ehf-
www.rettarholl.is
Hlíð hf
Jafnréttisstofa
K.B. bólstrun
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Samvirkni ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skútaberg ehf
Stefna ehf
Timbra ehf, byggingarverktaki

Grenivík

Grýtubakkahreppur

Grímsey

Sigurbjörn ehf

Dalvík

Bruggsmiðjan Kaldi ehf

Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf, vélaverkstæði

Húsavík

Bílaleiga Húsavíkur ehf
Heimabakarí Húsavík
Steinsteypir ehf
Víkurráf ehf

Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum
Kvenfélag Reykdæla

Mývatn

Jarðböðin við Mývatn

Egilsstaðir

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Fljótsdalshérað
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstaðir
Héraðsprent ehf
Hótel Eyvindará
Klassik ehf
Klausturkaffi ehf
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Myllan ehf, s: 470 1700
Rafey ehf
Skógar ehf
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf

Seyðisfjörður

PG stálsmiði ehf
Seyðisfjarðarkaupstaður

Reyðarfjörður

Fjarðabyggð
Launafl ehf
Skiltaval ehf
Tól og Tæki sf
Tærgesen, veitinga- og gistihús
Þvottabjörn ehf

Eskifjörður

Egersund Ísland ehf
Tandrabergh ehf

Neskaupstaður

Síldarvinnslan hf
Verkmenntaskóli Austurlands

Djúpavogur

S.G. Vélar ehf, verkstæði

Höfn í Hornafirði

Framhaldsskólinn í A-Skaftafells-
sýslu
Sveitafélagið Hornafirðir
Uggi SF-47
Þingvað ehf, byggingaverktakar

Selfoss

Flóahreppur
Gesthús Selfossi, gistihús og
tjaldsvæði
Jáverk ehf
Kvenfélag Hraungerðishrepps
Kökugerð H P ehf
Málningarþjónustan ehf
Nesey ehf
Sveitafélagið Árborg
Vélaverkstæði Þóris ehf

Hveragerði

Ficus ehf
Raftaug ehf

Þorlákshöfn

Járnkarlinn ehf
Landsbanki Íslands
Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákshafnarhöfn
Þorlákskirkja

Ölfus

Skjólklettur ehf

Laugarvatn

Laugarvatn Fontana

Flúðir

Íslenskt grænmeti ehf
Varmalækur ehf

Hvolsvöllur

Ferðaþjónustan Hellishólum ehf
Héraðsbókasafn Rangæinga
Skógasafn Skógum

Vík

RafSuð ehf

Vestmannaeyjar

Bókasafn Vestmannaeyja
Guðmunda Hjörleifsdóttir
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf
Rannsóknarþjónustan V.M.
Skipalyftan ehf
Vestmannaeyjabær
Vélaverkstæðið Þór ehf
Volare ehf



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is





Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir bindur vonir við forvarnarlyf gegn HIV og segir það fjölgar í hópi þeirra sem sækja lyfið sem er greitt af ríkinu. Mynd/gag

Hátt í 90 nýskráðir með HIV á þremur árum

Sóttvarnalæknir lýsir yfir áhyggjum af fjölgun kynsjúkdóma meðal karla sem sofa hjá körlum

Eftir Gunnhildi Örne Gunnarsdóttur

Hátt í níutíu manns hafa greinst með HIV hér á landi á síðustu þremur árum. Jafnmargir fyrstu níu mánuði ársins og allt árið í fyrra, sem einnig var metár. Frá upphafi hafa tæplega 430 greinst með HIV hér á landi, þar af um fimmtungur á síðustu þremur árum.

„Fólk gætir sín ekki í kynlífi. Það er ekki að verja sig með því að nota smokka. Þetta er þróun sem sést hér sem í öðrum vestrænum löndum. Sama sagan alls staðar. Sennilega er þetta vegna þess að það hefur gengið mjög vel að meðhöndla HIV,“ segir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir hjá Landlæknisembættinu. Hann lýsir yfir áhyggjum af fjölgun tilfella kynsjúkdóma meðal samkynhneigðra karlmanna, en þeir

„Þórólfur segir ekki skoðað sérstaklega hvar menn smitist, hér eða ytra, eða hvort þeir hafi verið meðhöndlaðir í öðrum löndum þegar þeir eru nýskráðir með sjúkdóminn hér.“

skipuðu yfir helming hópsins sem greindist með HIV í fyrra.

PrEP muni laga stöðuna

„Meðferð við HIV heldur sjúkdómnum niðri. Menn lifa eðlilegu lífi og hætta því að vera hræddir og passa sig, telja að þeir séu hólpnir þar sem þeir eru í góðri meðferð,“ segir hann.

Rétt eins og HIV smituðum fjölga, fjölga tilfellum lekanda og sárásóttar hér á landi. „Sömuleiðis er yfirgnæfandi meirihluti karlmenn sem stunda kynlíf með körlum sem hafa smitast. Ég er ekki með tölur um hvort þetta séu sömu einstaklingarnir með þessa þrjá sjúkdómna, en þessir karlar eru greinilegur áhættuhópur fyrir HIV, lekanda og sárásótt.“

Þórólfur telur að PrEP-verkefni stjórnvalda til bóta en þar fá áhættuhópar fyrir HIV forvarnarlyf greitt af ríkinu. „Það er hægt að slá margar flugur í einu höggi með þessu verkefni. Komið er í veg fyrir HIV smit með því að nota lyfið á réttan hátt. Rætt er við áhættuhópa um ábyrgt kynlíf og prófað hvort þeir greinist með aðra kynsjúk-

dóma. Ég bind vonir við að það leiði til fækkunar á kynsjúkdómum.“

Allir með sama rétt á hjálp

Þegar tölur landlæknisembættisins eru skoðaðar vekur athygli að af þeim 28 sem greindust með HIV í fyrra voru 19 af erlendu bergi brotnir. Sex úr hópnum eru íslenskir karlmenn. Árið 2016 voru þrettán erlendir en fjórtán með íslenskan ríkisborgararétt. Þórólfur segir ekki skoðað sérstaklega hvar menn smitist, hér eða ytra, eða hvort þeir hafi verið meðhöndlaðir í öðrum löndum þegar þeir eru nýskráðir með sjúkdóminn hér.

„Við þyrftum mjög nákvæmar persónuupplýsingar og aukinn mannafla við skráningu til að ná í slíka tölfræði,“ segir hann. Spurður hvort hann telji menn koma gagngert hingað til lands til að fá meðferð við HIV veirunni svarar hann:

„Við erum ekki með neinar upplýsingar um það en þessi skrá er eins í öllum löndum. Við erum með ákveðið tilkynningakerfi til Evrópu. Það skrá þetta allir eins. Til dæmis ef Íslendingar sem búa hér og eru greindir hér, flytja til Danmerkur, þá eru þeir skráðir sem ný tilfelli þar,“ lýsir hann. „Við myndum ekki breyta nálgun okkar, fræðslu eða meðhöndlun væru upplýsingarnar greindar öðruvísi. Grunnildi heilbrigðisþjónustunnar ná til alla óháð því hvar og hvernig menn smitast.“

Nýsmit það sem af er ári

15. nóvember höfðu 35 einstaklingar komið nýir inn í þjónustu með HIV á göngudeild smitsjúkdóma, 15 nýgreindir og 20 með þekkt smit og á meðferð.

Ef við skiptum niður eftir smitleið þá er niðurstaðan þessi:





Gagnkynhneigðir: 8 nýgreindir, 6 þekkt smit

MSM (Menn sem stunda kynlíf með mönnum):

4 nýgreindir, 11 þekkt smit

IDU (Sprautufíklar): 2 nýgreindir

Annað/óþekkt: 1 nýgreindur, 3 þekkt



Sjálfsprófanir fyrir HIV

Sóttvarnalæknir segir fyrsta skrefið í að einfalda greiningu á HIV séu skimunarpróf undir handleiðslu heilbrigðisstarfsmanna. „Þessi próf eru ekki 100% og því mikilvægt að prófanir séu réttar auk þess sem starfsmaðurinn getur gripið inn í ef einhver greinist jákvæður.“ Spurður hvort hann sjái fyrir sér að þau verði seld í apótekum svarar hann játandi.

„En það er eitthvað í það. Í gildi er ströng reglugerð um hraðgreiningarpróf. Fá þarf ákveðið leyfi fyrir svona prófum,“ segir hann. „Það þarf að taka þetta í skrefum að því langtíamarkmiði að menn prófi sig sjálfir,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hjá Landlæknisembættinu.

Fjöldi tilkynnta einstaklinga með HIV smit miðaður við 30.9.18

Fjöldi greindra sjúklinga með alnæmi miðaður við 30.9.18

Fjöldi sjúklinga sem látist hafa af völdum alnæmis miðaður við 30.9.18

Ár	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals
1983	1	0	1	0	0	0	0	0	0
1984	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1985	15	1	16	1	0	1	1	0	1
1986	11	2	13	3	0	3	0	0	0
1987	4	1	5	1	0	1	2	0	2
1988	10	3	13	3	2	5	1	1	2
1989	5	1	6	3	0	3	0	0	0
1990	5	0	5	3	0	3	4	1	5
1991	8	2	10	6	2	8	2	0	2
1992	10	1	11	3	0	3	2	0	2
1993	2	1	3	6	1	7	7	1	8
1994	6	2	8	5	1	6	4	1	5
1995	5	2	7	4	0	4	3	0	3
1996	4	2	6	3	0	3	1	0	1
1997	8	1	9	1	0	1	1	0	1
1998	5	3	8	2	0	2	0	0	0
1999	7	5	12	0	0	0	1	0	1
2000	7	3	10	1	0	1	1	0	1
2001	9	2	11	1	0	1	0	1	1
2002	5	2	7	0	0	0	0	0	0
2003	6	4	10	1	0	1	0	0	0
2004	4	1	5	2	1	3	1	0	1
2005	5	3	8	1	0	1	0	0	0
2006	8	3	11	2	1	3	1	0	1
2007	6	7	13	0	0	0	0	0	0
2008	7	3	10	0	0	0	0	0	0
2009	4	11	15	0	1	1	1	0	1
2010	18	6	24	1	0	1	0	0	0
2011	12	11	23	2	1	3	0	1	1
2012	13	7	20	1	0	1	0	0	0
2013	8	3	11	1	0	1	0	0	0
2014	8	2	10	0	0	0	0	0	0
2015	11	2	13	2	0	2	0	0	0
2016	20	7	27	4	0	4	0	0	0
2017	25	3	28	0	0	0	0	0	0
2018	19	10	29*	0	0	0	0	0	0
Samtals	301	117	421	63	10	73	33	6	39

*Ópinberar tölur fyrir fyrstu níu mánuði ársins



HUGRÍKI

NÝ HEIMASÍÐA

HIV Ísland hefur látið útbúa nýja heimasíðu.

Páll Guðjónsson hjá fyrir-tækinu Hugríki hafði veg og vanda af þeirri vinnu. Auðveldara verður að nálgast upplýsingar um málefni sem tengist HIV með tilkomu nýju síðunnar.

www.hiv-island.is



Hópa Vinna með HIV-jákvæðum

Yfir vetrarmánuðina geta HIV-jákvæðir hist í hópastarfi í hús-næði HIV - Íslands. Markmið þess eru félagslegs og tilfinninga-legs eðlis, að geta hitt aðra í sömu stöðu, ræða hjartans mál og læra af reynslu hvers annars. Áhersla er lögð á einlægni og trúnað.

Umsjón með starfinu hefur Sigurlaug Hauksdóttir félagsráð-gjafi. Nánari upplýsingar má fá hjá HIV Íslandi í síma 552 8586 og með netpósti sem er silla-hauks@gmail.com



SKYNJAÐU NÁNDINA



SKYN®

